




Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Dalskóli

2023 – 2024



DALSKÓLI

### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglíngar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 .....	6
3	Innra mat deilda .....	11
3.1	Fífudalur .....	11
3.2	Mosadalur .....	14
3.3	Sameiginlegt endurmat á umbótaáætlun Fífudals og Mosadals .....	15
3.4	Vættabjörg .....	20
3.5	Tröllabjörg .....	22
3.6	Álfabjörg .....	26
3.7	Dvergadalur .....	29
3.8	Huldudalur.....	33
3.9	Töfradalur .....	36
3.10	Listasmiðjan og smiðjur.....	40
3.11	Tónlist .....	43
4	Innra mat sérkennslu .....	44
5	Innra mat – fjöltyngd börn .....	46
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla .....	47
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	48
8	Foreldrasamvinna.....	49
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	50
10	Fylgigögn .....	51
10.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	51



Leiðarljós leikskólans „ Hamingjan er ferðalag,, skapandi starf er okkar rauði þráður í gegnum alla okkar vinnu með börnum.

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Dalskóli leikskólahluti vinnur með hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem skapandi starf er í hávegum haft. Auk þess er mikil áhersla á útinám barnanna. Mikil áhersla er lögð á skráningar eða persónumöppu sem hvert barn byrjar að safna í frá fyrsta leikskóladegi.

Eins og alltaf biðu okkar hinar ýmsu áskoranir og verkefni sem þurfti að takast á við með ýmsum hætti. Erfiðustu verkefnin voru helst þau hvað illa gekk að ráða í stöður kennara og einnig voru kennarar að detta í langtímaveikindi. Það er alltaf snúið að vera búin að gefa börnum dagsetningar á aðlögun og vera á sama tíma ekki með nægt starfsfólk. Við þurftum að skerða starfið ansi oft í vetur og senda börn heim sem er alltaf mjög erfitt fyrir alla þ.e. börn, foreldra og starfsmenn.

Við höfum haft það fyrir megin reglu að reyna eins og við getum að halda uppi faglegu starfi þó að hluti deilda fari heim vegna manneklu. Þetta finnst okkur mikilvægt fyrir okkur öll, bæði starfsmennina og börnin. Við teljum að börnin finni minna fyrir öllu þessu riski ef við höldum okkur við daglega rúttínu.

Verkefni okkar voru mörg og skemmtileg allan veturinn. Sem betur fer gekk ýmislegt eftir sem við höfðum áætlað í síðustu starfsáætlun og endurmati. Fyrir haustið 2023 -2024 var sótt um í A hluta menntastefnu borgarinnar um félags- og tilfinningaþroska aftur þar sem ekki tókst að halda innleiðingarferlinu eins og ætlað var árið áður.

Við heldum áfram með innleiðingu aðferða Hugarfrelsis þar sem lögð er áhersla á öndun og styrkleika. Námskeið Hugarfrelsis kenna börnum og fullorðnum aðferðir til að efla sjálfsmynd sína og verða besta útgáfan af sjálfum sér. Í hverjum tíma eru gerðar einfaldar öndunaræfingar, jóga, slökun og hugleiðsla ásamt fræðslu og verkefnum til að efla einstaklinginn og sjálfsmynd hans. Hugleiðslutæknin sem Hugarfrelsi notar eru hugleiðslusögur sem eru mjög myndrænar og henta vel þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í að kynnast eigin huga. Innleiðingu var skipt niður á tvö námskeið þar sem Unnur og Hrafnhildur fylgdu Dalskóla eftir í innleiðingunni.

Loks náðum við starfsmenn og kennarar að skipuleggja námsferð og var ferðinni heitið til Stokkhólms til þess að fræðast meira um hugmyndafræði Reggio Emilia. Aðalmarkmið ferðarinnar var að öðlast færni meðal annars í uppeldisfræðilegum skráningum barnanna og hvernig má fanga upplifun og uppgötvanir barnanna en einnig að skoða umhverfið sem þriðja kennarann. Við fórum til Stokkhólms



Í þessa langþráðu ferð í apríl síðastliðnum og nutum leiðsagnar hjá Reggio Emilia Institutet sem er leiðandi í utanumhaldi og þróun skólastarfs í anda Reggio Emilia í Svíþjóð auk þess sem stofnunin er í samstarfi við skóla um alla Skandinavíu. Þar hefur myndast djúp þekking á þróun skólastarfs sem tengir saman hugmyndafræði Reggio Emilia og áherslur norræns skólastarfs. Einnig var farið í heimsóknir á sænska leikskóla sem starfa í anda Reggio Emilia. Starfsmenn sem fóru ekki til Stokkhólms fóru í heimsókn á leikskólann Lyngheima og fengu kynningu og fræðslu um starfið sem þar er unnið en Lyngheimar vinna í anda Reggio Emilia. Báðir hópar voru almennt mjög ánægðir með það sem þau sáu og fræddust um og þegar heim var komið fundum við fyrir miklum áhuga og vilja til þess að nýta okkur nýja þekkingu. Skólabragurinn sýnir alveg þess merki að kennarar hafa tekið margt með sér heim úr ferðinni og heimsóknum.

Í byrjun júní fór hópur kennara og stjórnenda á vikulengt námskeið vegum Erasmus + sem var hluti af verkefninu „Fyllt á þekkingarbrunn leikskóla Reykjavíkurborgar“. Námskeið var haldið í Bologna á Ítalíu og nefndist „The best for preschool teachers: Montessori method, Outdoor Education, Reggio Emilia Approach and much more“.

Að venju tóku elstu börnin þátt í Barnamenningarhátíð í samstarfi við Tónskóla Sigursveins. Þessi sýning tókst með miklum ágætum og vakti mikla athygli eins og alltaf. Í ár var unnið með Tónlistarmanninn „Röggú Gísla“ eða Ragnhildi Gísladóttur eins og hún heitir fullu nafni. Elstu börnin unnu í smiðjunni Tökum flugið með verkefnið á dýptina með allskonar útfærslum. Úr þessu varð hin skemmtilegasta sýning og bæði kennarar og börn fengu mikið út úr þessari vinnu og sköpunin náði sínum hæstu hæðum að vanda. Börnin hafa unnið með hin ýmsu verkefni í takt við smiðjur vetrarins og alltaf er sama gleðin og metnaðurinn í kring um þá vinnu alla.

Síðasta haust ákváðum við að börnin á þremur yngstu deildum væru að meðaltali 12 en það er ásættanlegt miðað við rými og mönnun.

Alltaf þarf að dytta að húsnæðinu og mála ásamt fleiru sem var löngu samþykkt en hefur ekki komist til framkvæmda. Í Móa náðist að setja upp skilrúm á Fífu- og Mosadal, einnig voru rennihurðir fjarlægðar og settur upp millivegur og hurð til þess að stúka af stóru rýmin. Þá náðist að tengja vask og alrými þar sem yngri barna deildin þarf að matast, enn vantar þó að klára alveg framkvæmdir. Til að mynda vantar enn að koma fyrir skápum og fleiru til þess að bæta vinnuaðstöðu í sal, bæði fyrir börn og starfsfólk, þar sem langt er að fara með öll börnin í sameiginlegan matsal skólans. Verið er að vinna að því að bæta aðstöðu þar sem að börnin matast í Móa.



Stjórnendur tóku þátt í Þróunarverkefni vegna innra mats þar sem áhersla var lögð á að virkja matsteymi innan leikskólans og gera matsáætlun. Stofnað var matsteymi og gerð matsáætlun fyrir skólaárið í kjölfarið. Matsáætlun var metin á deildarstjórafundi þar sem farið var yfir áherslur vetrarins og hvað ætti að vinna með áfram.

Dalskóli leikskóladeild tók á móti aðilum á vegum Play Iceland en haldið var málþing 20. október í hátíðarsal Dalskóla. Þarna var blandaður hópur fagfólks á sviði leikskólamála sem ræddi um mikilvægi sjálfspróttins leiks og útináms í lífi og skólastarfi barna. Meðal fyrirlesara voru Teacher Tom, Niki Buchan, Sveinlaug Sigurðardóttir, Dr. Michelle Wisbey, Tom Shea, Birte og Imma. Margir gestir mættu á þennan frábæra viðburð og eftir samræður og kaffi fóru gestir inn á deildar leikskólans, skoðuðu ásamt því að spjalla saman um menntun og sköpun. Þessi ráðstefna var mjög skemmtileg og fundum við kennararnir í Dalskóla fyrir miklum meðbyr hvað varðar faglegt starf sem unnið er hér.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Starfsmannakönnun á starfsdegi í nóvember</b>	Lögð var fyrir örstutt spurninga-könnun	Allir starfsmenn	Starfsfólk þekkti vel stefnu skólans og var öruggt með hvers væri ætlast til af þeim í starfi. Starfsfólk var sammála um að unnið væri gott starf á leikskólanum.
<b>Matsfundir/matsteymi</b> <b>Sett upp matsáætlun</b>	Á matsfundum	Matsteymið	þarf að funda reglulegar
<b>Mat á umbótaáætlun allra deilda</b>	Metið á fagfundi	Stjórnendur, deildarstjórar og leikskólakennarar	Margt hafi gengið vel en annað sem þarf að vinna áfram. Misjafnt eftir deildum
<b>Matartímar barna</b>	Rætt á starfsm.fundi lögð var fyrir stutt könnun	Starfsfólk allra deilda	Margt gengur vel en annað sem þarf að breyta og bæta. Mismunandi eftir deildum
<b>Mat nokkurra barna fædd 2019 á leikföngum, hverju þau vilja breyta, útiveru og líðan</b>	Munnlegt samtal við börnin	Deildarstjóri	Þeim fannst gaman að leika úti og vera á hjólum. Að leika með segulkubba, mála og sulla
<b>Skemmtilegasta dótið samkvæmt börnunum</b>		Deildarstjóri	Hjól, kubbar, búningar, bílar, risaeðlubangsi  Bækur, liti
<b>Hvað vantar</b>			Fleiri hjól, bækur, risaeðlur, leir, púsl, búningar, flughjól



## Ytra mat

<p><b>Hvað var metið? Stofnun ársins 2022 tekin í mars 2023. Gallup fyrir Reykjavíkurborg</b></p> <p><b>Þetta mat var mjög vítt Launakjör vinnuskilyrði Öryggi, og starfsánægja Spurt um yfirmenn, aðstæður og aðgengi að yfirmönnum, samskipti, launakjör,</b></p>	<p><b>Hvernig fór matið fram?</b></p> <p>Rafræn starfsmanna- könnun á vegum Reykjavíkurborgar</p>	<p><b>Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)</b></p> <p>Starfsmenn Dalskóla leikskólahluta</p>	<p><b>Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)</b></p> <p><b>Að efla starfsandann það þarf að huga að stórum deildum þar sem elstu börnin dvelja.</b></p> <p>Helstu styrkleikar voru að starfsmenn finnst þeir sjálfstæðir í starfi og mátu jafnrétti væri til staðar.</p> <p>Hópurinn veit til hvers er ætlast.</p> <p>Almennt er fólk ánægt og stolt af sínnum skóla.</p> <p>Stjórnun kom vel út eða 4,39 og hélt sér nokkurn veginn frá fyrri könnun en þó er erum við að skora í við lægra á öllum þáttum.</p>
<p><b>Foreldrakönnun vor 2023</b></p> <p><b>Spurt um barnið og leikskólastarfið, foreldra og leikskólastarfið, stjórnun og stefnu og upplifun foreldra af leikskólanum</b></p>	<p>Rafræn könnun til foreldra leikskólabarna í Reykjavíkurborg</p>	<p>Foreldrar leikskólabarna</p>	<p>Að meðaltali voru foreldrar sammála því:</p> <p>Að barninu þeirra liði vel í leikskólanum eða um 4,36 en meðaltal í rvk.er 4,24</p> <p>Að barnið væri öruggt í leikskólanum 4,38 stig en meðaltal Rvk.borg er 4,33</p> <p>Að hér ríkti vinsamlegt andrúmsloft eða 4,26 stig á móti 4,29 yfir Rvk.borg</p> <p>Í könnuninni sem tók á stjórnun leikskólans fengum við mun færri stig en áður en miðað við okkar fyrri kannanir höfum við verið að mælast allt að 4,55 stigum en fáum núna 3,46 stig.</p> <p>Þegar skoðaðar eru niðurstöður og reynt að greina hvað veldur, kemur í ljós að undir lið sem nefnist opin svör þar sem</p>



			foreldrar geta sett inn sínar skoðanir og umhugsunarefni. Þar kemur berlega fram að almennt eru foreldrar mjög óhressir með að leikskólinn hefur búið við mikla undirmönnun í vetur. Starfið hefur ítrekað verið skert og börn þurft að vera heima. Þetta eru aðgerðir sem eru ólíðandi að mati margra foreldra og er skiljanlegt. Það sem styrkir þessa niðurstöður er að það má greina mun á aldri barnanna. Þar sem við þurftum aðallega að senda börn heim sem dvelja í Dal (yngri barna húsnæði).
--	--	--	--





UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>	Að halda foreldrum upplýstum vegna mönnunarvanda fá þá í lið með okkur	Sendu póst og útskýra reglulega hver staða mála er vegna mönnun	Stjórnendur / Ráðgjafar Austur miðstöð	Vor 23	Í stöðugri skoðun	Skoða með deildarstjórum Austurmiðstöð og stjórnendur	Að foreldrar upplifi ekki að stjórnun leikskólans sé ábótavant eða geri sér grein fyrir því að það gengur illa að manna og öryggisstaðla þarf að virða
<b>Vinnustytting</b>	Tilraun með að starfsmenn taka vinnustyttingu út aðra hvora viku í stað hvernar.		stjórnendur	Haust 23	Metið des 23	Metið með starfsmönnum des 23. Ákveðið hvort að halda skuli áfram eða breyta. Metið hvort að þjónustuskerðing við börn og foreldra hafi verið minni en síðasta haust og vor vegna manneklu.	Að jafnaði sjáist munur á þjónustuskerðingu við börn og foreldra milli haust 2022 og 23
<b>Upplýsingaflæði</b>	Halda áfram að auka upplýsingaflæði	Hvetja starfsfólk til að nota tölvupóstinn sinn. Gerðar séu fundargerðir á	Stjórnendur og deildarstjórar	Haust 23	Vor 24		Að starfsfólk viti hvað er að gerast með fyrirvara



		fundum sem eru aðgengilegar					
Starfsandi	Auka starfsandann	Starfsandinn er ekki nægjanlegur í stækkandi hópnunum að mati starfsmanna		Gera áætlun um viðburði fyrir starfsmenn		Virkja skemmtinefnir og að þær undirbúi með bæði hús í huga	Meiri samheldni meðal starfsmanna
Stjórnendafundir	Stjórnendateymi hittist vikulega	Setja fasta fundartíma	Stjórnendur	Haust 2023		Metið um áramót og aftur að vori	Að stjórnendur nái að hittast á reglulegum fundum
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
	Unnið verður áfram með félagsfærni	Lögð verði meiri áhersla á Hugarfrelsi	Stjórnendur og deildarstjórar	Haust 2023	Vor 2023		
	Haldið verði áfram að þróa ungbarnastarf á yngstu deildum. Skoða húsbúnað, leikefni og leikföng.	Skoða ungbarnaleikskóla	Stjórnendur og deildarstjórar á yngstu deildum	Haust 2023	Vor 2024	Metið á deildarstjórafundum og deildarfundum	Að starfsfólk öðlist færni í starfi með yngstu börnum leiks. Húsbúnaður henti bæði starfsfólki og börnum
	Halda áfram að auka þekkingu á hugmyndaf. Reggio	Kynning að haust fyrir alla Rætt á fagfundum og starfsdegi	Stjórnendur	Haust 2023	Vor 2024	Metið á deildarstjórafundum og fagfundum	
<b>Mannauður/ Leikskólabragur</b>							
	Bætt símenntun fyrir starfsmanna-hópinn	Námskeiðs Reykjavíkurborgar og háskólanna Nýliðanámskeið	Stjórnendur og Sérkennslustjórar	Haust 2023	Vor 2024	Símat á deildarfundum og starfsþróunarsamtölum	Að starfsfólk fái tækifæri til að sinna endurmenntun
	Sameiginleg sýn á stefnu og starf skólans	Skipulagsdagar nýttir til fræðslu og stefnumótunar  Námskeið	Stjórnendur og deildarstjórar	Haust 2023	Vor 2024	Metið á starfsdegi og fagfundum	Að starfsfólk þekki og vinni eftir sýn og stefnu skólans. Allir



							komi að fagstarfi
	Matstofur verða áfram í innleiðingu bæði Dal og Móa	Halda áfram að skoða húsbúnað og bæta aðgengi barnanna. Auka lýðræði barna í matmáls-tímum	Stjórnendur og deildarstjórar	2023	Vor 2024		Að rýmið verði aðgengilegt fyrir matstofu og börnin verði sjálfstæð í að velja sér sjálf
<b>Innra mat</b>							
	Haldið verði áfram að þróa rýmin í Móa. Rýmin verði aðlöguð betur að starfsfólki og börnum	Metið með elstu börnum leikskólans og starfsfólki	Stjórn-endur og deildarstjórar í Móa			Metið reglulega yfir veturinn og svo að vori	Að starfsfólki og börnum líði vel í rýmum og upplifi rólegt og þægilegt andrúmsloft
	Matsteymi hittist reglulega	Setja upp matsáætlun fyrir veturinn	Stjórnendur Matsteymi	Haust 2023	Vor 2024	Metið á matsfundum	Að náist að meta það sem er á matsáætlun

### 3 Innra mat deilda

#### 3.1 Fífudalur

Veturinn 2022-2023 var heilt yfir mjög góður í Fífudal. Barnahópurinn var aldurshreinn, þ.e. þau voru öll fædd árið 2017 og því á sínu lokaári í leikskólahlutanum. Þau byrjuðu 33 en sum hættu og önnur komu í staðinn, urðu flest 36 en í lok vetrar voru þau 34. Deildinni var skipt í þrjá hópa sem hver hafði 11 – 12 börn og einn hópstjóra (kennara). Þeim börnum sem höfðu stuðning var dreift á milli hópa þannig að með hverjum hóp fylgdu 2 – 3 kennarar að hópstjóra meðtöldum. Hópstjóri bar ábyrgð á smiðjuvinnu hópsins og hélt utan um skráningar. Andinn í starfsmannahóp Fífudals í vetur var mjög góður og birtist það helst í einstaklega frjóu og metnaðarfullu starfi með börnunum.



Veturinn byrjaði á aðlögun þar sem helmingur hópsins fluttist af Mosadal yfir á Fífudal, auk þess sem 6 börn voru ný í Dalskóla. Aðlögunin gekk nokkuð vel þó einhverjir árekstrar hafi orðið meðan hópurinn fann jafnvægi í samskiptum sínum á milli.

Dagskipulagið komst fljótlega í nokkuð fastar skorður, allir hópar höfðu ákveðið vikuplan þannig að alltaf var einn hópur úti fyrir hádegi og var þá eini hópurinn inni eftir hádegi. Þannig nýttum við deildina betur og börnin höfðu meira og betra leikrými. Allir hópar fóru einu sinni í viku í gönguferð, smiðjuvinnu, tónlist, listasmiðju og slökunarstund.



Smiðjur voru fjórar yfir veturinn, sú fyrsta, *Stórir og litlir heimar*, miðaði að þéttingu hópsins, sjálfsþekkingu og vináttu. Önnur smiðja, *Lestur er bestur*, var eins og nafnið gefur til kynna læsismiðuð, þar lærði hver hópur ákveðna vísu eða sönglag, krufði textann og rannsakaði söguna á bakvið vísuna. Þriðja smiðjan, *Tökum flugið*, hófst eftir áramót og var sú lengsta þennan veturinn. Þar nýttum við samstarfsverkefni við Tónskóla Sigursveins sem kveikju, en í því verkefni lærðu börnin lög eftir Ragnhildi Gísladóttur og sungu að lokum uppi á sviði í Eldborgarsal Hörpu. Hver hópur valdi sér sitt uppáhaldslag og vann verkefni byggt á því, þannig vann einn hópur með tilfinningar, upplifun og útrás með laginu *Sísí frikar út*, annar hópur vann með fjöruna og hljóðið sem kemur þegar steinvölur rúlla til í fjöruborðinu með öldunum með laginu *Englabörn* og sá þriðji lærði um tannheilsu og gerði *Sælgætisland* með laginu *Söngur prinsessunnar í Sælgætislandi*. Hápunktur smiðjunnar var þegar Ragga Gísla sjálf kom á smiðjulokin til að sjá verkefni þeirra. Fjórða og síðasta smiðjan, *Land sem lifir*, var eins konar núvitundarsmiðja þar sem hóparnir fóru út í náttúruna, hlustuðu, skoðuðu, fundu lykt og fylgdust með öllu vakna og lifna við með vorinu. Einnig sáðu þau fyrir sumarblómum og veiddu skordýr til að ala í fiskabúri.



Samstarf við grunnskólahlutann var að venju jafnt og þétt yfir veturinn og bar þar Hringekjan hæst. Í vetur voru tveir hópar skipaðir börnum jafnt úr fyrsta bekk og af Fífudal sem skiptust á að vera í fyrstu bekkjar stofunni og Fífudal. Hringekjan var á þriðjudögum fyrir hádegi og voru verkefni margs

konar. Börnin unnu ýmiss konar skriftar- og reikniverkefni í hefti, hlustuðu á sögur, fóru í spjaldtölvur og í heimilisfræði í fyrsta bekk. Í Fífudal fóru þau í tæknikistu, listasmiðju, vísindatilraunir og frjálsan leik. Að auki var í allan vetur boðið upp á einn sundtíma í viku þar sem þau fóru í 12 barna hópum í þrjú skipti í senn og fengu sundkennslu með Bjarnfríði sundkennara. Fram bauð svo upp á eina fótboltaæfingu í viku á leikskólatíma og var það háð skráningum foreldra á æfingarnar, en kennarar Fífudals fylgdu þeim til og frá æfingum.



## 3.2 Mosadalur

Haustönnin 2022 gekk vel í Mosadal. Barnahópurinn var aldurshreinn þ.e. öll börnin fædd árið 2018. Það byrjuðu 34 börn flest komu úr Dal en 7 börn komu úr öðrum leikskólum. Síðan bættist einn nemandi við núna á vorönn þannig að alls urðu börnin 35. Barnahópnum var skipt í 3 hópa sem í voru 10-12 börn. Einn hópstjóri var í hverjum hópi auk aðstoðarmans og stuðningsfólks þannig að þegar best lét voru 3 starfsmenn með hverjum hópi. Tekið skal fram að í hverjum hópi var barn/börn sem þurftu/áttu stuðning til að geta fylgt þessari hópastærð. Hópstjóri bar ábyrgð á smiðjustarfi hópsins og skráningum. Starfið gekk vel á deildinni, starfsfólk var jákvætt og frekar létt yfir starfsfólki.

Aðlögun barnanna gekk vel, börnin voru spennt að koma og starfsfólk meðvitað um að taka vel á móti þeim. Fljótlega kom í ljós að barnahópurinn var/er kröftugur og mikið um sérþarfir innan hans bæði hegðunarlega og námslega.

Dagsskipulag okkar lá fyrir þegar börnin komu yfir, allir hópar höfðu sitt vikuplan með ævintýraferð, listasmiðju, tónlist, málörvun, smiðju og útiveru. Reynt var að haga því þannig að börnin voru aldrei öll inni á deildinni í einu og fengu rólegar stundir í frjálsum leik á hverjum degi (12-15 börn inni á deild í einu).



Smiðjur vetrarins voru fjórar yfir veturinn, sú fyrsta, Stórir og litlir heimar, gekk út á að styrkja sjálfsmynd og vináttu. Önnur smiðjan, Lestur er bestur var frekar stutt og lögð áhersla á tónskáldið Jónas Hallgrímsson og ljóðið hans Buxur, vesti, brók og skó. Eins var vináttan alltaf í forgrunni. Þriðja smiðjan, Tökum flugið var löng smiðja þar sem öll börnin fóru í litlum hópum í Perluna á kynningu um vatnið í íslenskri náttúru. Reynt að fanga hvað hverjum og einum fannst spennandi í þessum ferðum og unnið út frá því. Niðurstaðan var ítarlega með strætó, vatnsköttinn og fiska. Fjórða og síðasta smiðjan, Land sem lifir var skemmtilega lifandi smiðja þar sem aðalviðvangsefnin voru gróðursetning, ormar og sniglar.



Vorönnin 2023 gekk vel framanaf, okkur gekk ágætlega að halda utan um barnahópinn og starfið á deildinni gekk vel. Fljótlega fór þó að minnka í starfsmannahópnum, bæði fagfólk og aðrir starfsmenn létu af störfum og hafði það að sjálfsgöðu áhrif á starf deildarinnar þar sem erfiðlega gekk að ráða nýtt fólk.



### 3.3 Sameiginlegt endurmat á umbótaáætlun Fífudals og Mosadals

Umbótaþættir þessa vetrar voru eftirfarandi:

Mannauður

- Regluleg símenntun starfsmanna
  - Starfsmenn voru hvattir til símenntunar og þeim kynnt tækifæri til náms. Farið var í hópferð til Stokkhólms í apríl þar sem sótt var námskeið, vinnustofa og fyrirlestur um leikskólastarf í anda Reggio Emilia. Allir starfsmenn voru hvattir til að koma með og var góð þátttaka af deildum í Móa.
- Hrós og hvatning
  - Í Fífudal var markvisst unnið að því að hafa deildarfundi jákvæða og að hrósa starfsfólki fyrir vel unnin störf ásamt því að leita eftir þeirra hugmyndum að áframhaldandi starfi og hvetja/styðja við þær. Starfsandinn var góður í vetur og í öllum hópum var metnaðarfullt og frjótt starf og hópstjórar tóku miklum framförum í faglegu starfi.
  - Í Mosadal vorum við meðvitað að taka okkur á að hrósa hvort öðru fyrir það sem vel var gert, og fjalla á faglegan og jákvæðan hátt um það sem betur mátti fara. Þetta gekk vel og ekkert tiltökumál að ræða málin uppbyggilega. Flestir urðu öruggari í eigin skinni. Á deildarfundum voru málin rædd og hjálpast að við að reyna að finna



bestu niðurstöðurnar. Deildarstjórar voru sammála um að allt starfsfólk var að gera sitt besta og ekki hægt að ætlast til meira.

## Smiðjuvinna

- Víkka þemað/smiðjuna út fyrir smiðjutíma og yfir allt umhverfi deildar og frjálsan leik.
  - Í Fífudal jókst þetta smá saman yfir veturinn, smáhlutavagn (loose parts play) var tekinn í notkun í lok nóvember og var reglulega skipt um efnivið í honum sem endurspeglaði þema hvernar smiðju og/eða árstíðar. Eftir námsferðina til Stokkhólms tók deildin stakkaskiptum og gaf að líta ýmis konar náttúru, verðlausan efnivið og annað til að örva og hvetja til fjölbreyttar skynjunar sem og leiks og tilrauna barnanna.
  - Í Mosadal leituðumst við að aðstoða hvert annað í að dýpka smiðjuvinnuna.
  - Arndís listgreinakennarinn okkar var okkur líka til halds og trausts. Hún kom á deildarfundina og fór yfir hvernig gengi, ýtti við þeim sem þurfti og hvatti áfram til frekari afreka. Oft voru það skráningarnar sem fólki fannst erfiðar en alltaf var fundin lausn á því og hjálpast að. Eftir námsferð til Stokkhólms tók deildin okkar jákvæðum breytingum og fjölbreytni viðfangsefna fyrir börnin jókst.
- Undirbúningur hópstjóra
  - Allir hópstjórar fengu undirbúning þegar hópurinn þeirra var í listasmiðju og tónlist og hélst það mjög vel í vetur. Árangurinn leyndi sér ekki með sífelld fjölbreyttari og merkingarbærari verkefnum og skráningum úr smiðjustarfi.



## Agi

- Samræma reglur og aðferðir til agastjórnunar
  - Deildarstjóri Fífudals sótti námskeið um jákvæðan aga í september og nýtti það til að ráðleggja starfsfólki um agastjórnun. Einnig nýttum við aðferðir úr vináttuverkefni Barnaheilla til að efla sjálfstjórn og jákvæð samskipti í barnahópnum. Eins og gengur og gerist á elsta ári leikskólans gekk á ýmsu en heilt yfir gekk vel að taka á þeim áskorunum sem hópurinn stóð frammi fyrir. Einnig var lögð áhersla á mikla og góða samvinnu með foreldrum, haldnir voru sérstakir vináttu- og samskiptafundir með foreldrum að hausti og reglulega sendir upplýsinga- og fræðslupóstar til þeirra.





- Í Mosadal er töluvert um börn sem eiga í erfiðleikum með hegðan sína. Ástæðurnar eru mismunandi og hegðunin allskonar. Við höfum lagt áherslu á að börn eru mismunandi og ástæður hegðunar er oft margbættar og okkur ber að virða hvern og einn einstakling eins og hann er. Við höfum lagt áherslu á að sýna börnunum og kenna þeim leiðir til að ná betri stjórn á sjálfum sér þegar þau verða reið. Þetta hefur tekist ágætlega og oft hægt að minna þau á „græna karlinn“ og þá ná þau fyrr stjórn á sér.

## Hugarfrelsi

- Reglulegar hugarfrelsisstundir
  - Í Fífudal var hver hópur með slökunarstund í hverri viku, þá var sá hópur einn inni á deild og gafst þannig gott rými og friður til að ná djúpri og góðri slökun. Í samverustundum daglega var farið í öndunaræfingar, rætt um tilfinningar og eftir áramót bættist einnig við áhersla á tilfinningastjórnun og að koma auga á styrkleika sína.
  - Í Mosadal notuðum við gjarnan einhverja af öndunaræfingum hugarfrelsis í upphafi ávaxtastundar. Börnin voru fljót að tileinka sér æfingarnar og fannst þær góðar. Í hádeginu lögðum við áherslu á að næði væri fyrir góða slökun fyrir börnin, hlustuðum á hugarfrelsis sögu og fórum stundum í jóga.

## Málörvun

- Reglulegar málörvunarstundir og -hópar
  - Allir hópar fóru daglega í málörvun rétt fyrir kaffitíma barnanna. Eftir áramót fóru að auki þau börn sem fengu slaka eða mjög slaka færni í HLJÓM2 sem og þau sem hafa lítinn orðaforða í íslensku í sérstaka málörvunarhópa tvisvar í viku.
  - Í Mosadal var málörvun í formi spilastunda. Hvert barn fór í spilastund allavega einu sinni í viku, sum börn fóru oftar. Einnig er mikil áhersla lögð á sjónrænt skipulag fyrir einstaklinga og hópa. Í öllum daglegum aðstæðum er einstaklingsmiðuð málörvun s.s. við matarborð, í forstofu og við meðvitaðar um mikilvægi málörvunar í erli dagsins.



## Efniviður

- Auka fjölbreytni í leikefni og öðrum efnivið
  - Eins og áður sagði þróaðist framboð um efnivið í Fífudal mikið í vetur og endurspeglaði þema hveurrar smiðju.
  - Í Mosadal hefur verið lögð áhersla á að nota verðlaust efni við leik og störf og nota ímyndunaraflið við listsköpun. Einnig hefur orðið jákvæð breyting á efniviði og uppsetningu á leikefni og ber að þakka námsferð starfsfólks núna í vor um aukna meðvitund um mikilvægi þess að hafa fallett, vel skipulagt jafnframt forvitnilegt umhverfi fyrir börnin.

## Umgengni og frágangur

- Skilvirkara kerfi yfir umsjón með lóð og frágang í græna rými
  - Sett var upp kerfi þar sem hvor deild bar ábyrgð á annaðhvort lóð eða græna rými í tvær vikur í senn. Það gekk misvel og þarf að halda áfram að þróa kerfi sem virkar.
- Umgengni um kósýhorn í fataklefa
  - Uppröðun húsgagna var breytt til að minnka umgang á útiskóm og hafði það góð áhrif. Þetta er enn í þróun en stefnir í rétta átt.

## Deildarstjórafundir

- Fundargerðir og skipulag funda
  - Hefur gengið vel frá áramótum, yfirleitt komin dagskrá fyrir fundinn og einhver einn sem tekur að sér að rita fundargerð og senda á hina eftir fund.



## Umbótaáætlun Fífundals og Mosadals

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Málörvun/ HLJÓM2</b>	Byrja strax um haustið á fastri málörvun sem miðar að hljóðkerfisvitund	Fastar stundir daglega með málörvun	Deildarstj. bera ábyrgð á vikuplani, hópstjórar á framkvæmd	Ágúst 2023	Sept. 2023	Kynnt og sett upp í ágúst, eftirfylgni á deildarfundum	Hver hópur fær málörvunarstund daglega, í.þ.m. 4 sinnum í viku.
<b>Mannauður</b>	Jákvæð samskipti. Áhugi á faglega starfinu og hvert öðru	Hrósa og hvetja hvert annað. Sýna verkum annarra áhuga Halda jákvæða deildarfundum. Ræða áskoranir/erfið mál strax og klára þau.	Deildarstj. bera ábyrgð á deildarfundum, allir bera ábyrgð á sínum viðhorfum	Ágúst 2023	Mai 2024	Ræða á deildarfundum í byrjun vetrar. Eftirfylgni á deildarfundum Endurmat á deildarfundum og deildarstj. fundum	Létt og gott andrúmsloft. Fjölbreytt og frjótt starf. Minni starfsmanna-velta, betri mæting
<b>Samstarf milli húsa</b>	Börnin fari meira milli húsa til að minnka skellinn þegar þau koma í Móa	Setja upp skipulag svipað og hringekjan með fyrsta bekk þar sem 4 ára börnin myndu fara í Dal og 3 ára börnin kæmu í Móa	Deildarstj. setja upp skipulag í samvinnu við deildarstj. í Dal	Sept. 2023	Mai 2024	Endurmat og þróun skipulags	Aðlögun milli húsa verði minna stökk, bæði verði minni söknuður hjá 4 ára börnunum og 3 ára betur undirbúin fyrir skilin yfir í Móa



### 3.4 Vættabjörg



Starfsárið á Vættabjörgum 2022-2023 voru 16 börn langflest fædd í byrjun árs 2019. Fjórir starfsmenn eru á deildinni en vegna vinnustyttingar eru þeir þrír flesta daga eftir hádegi. Í vetur var lögð mjög mikil áhersla á málörvun í öllu okkar starfi. Settum við orð á allar athafnir og sungum mikið af lögum þar sem lögð var áhersla á fyrsta hljóð hvers orðs og notuðumst einnig við ýmis hjálpargögn líkt og Íslenska Málhljóðakassann. Við skiptum börnunum niður í smærri hópa í sögustundum og völdum bækur við hæfi.

Við fórum einu sinni í viku í skipulagða hreyfistund í salnum. Það gekk mjög vel og fóru börnin í litlum hópum og fengu þjálfun í hinum ýmsu grófhreyfingum. Útiveran hefur skipað stóran sess hvort sem við nýttum garðinn okkar eða fórum í lengri eða styttri vettvangsferðir. Tónlistin fór að mestu leyti fram í samverustundum sem eru tvær yfir daginn. Við byrjum samverustundirnar alltaf á því að fara yfir hvaða dagur og mánuður er. Þegar nýr mánuður byrjar förum við yfir afmælisbörn þess mánaðar. Öndunaræfingar tókum við í langflestum samverum og við leggjum alltaf inn ný lög eftir því hvaða árstíðir, hátíðir og tyllidagar eru hverju sinni.



Fyrir áramót vorum við með læsissmiðju og í henni unnum við með ævintýri og fóru börnin í nokkrar heimsóknir á bókasafnið og fengu einnig sögustundir þar. Jólagaðir til foreldra voru einnig verkefni sem tengdust smiðjustarfinu. Eftir áramót var það Tökum flugið þar sem við unnum með ljós og skugga. Börnin fengu mikinn áhuga á geimnum og risaæðlum og snerist smiðjan því um að útfæra þann áhuga. Náttúrusmiðjan tók svo við þar sem börnin voru m.a. að gróðursetja og vinna með ýmsan efnivið sem þau fundu í náttúrunni.



Innleiðing á Hugarfrelsi gekk mjög vel og hafa börnin vera að tileinka sér öndunaræfingarnar sem við notumst við. Gaman frá því að segja að sum börn hafa notað þær heima við og bent foreldrum sínum á nota þær einnig við ákveðnar aðstæður. Slökunar og jógaæfingar sem við gerum í hvíldinni eftir hádegismatinn hafa skilað góðum árangri sem lýsir sér í því að meiri ró er yfir börnunum þegar líður á daginn.



Fyrir áramót voru Blæstundirnar okkar ekki nógu markvissar og náðum við ekki að öll börn fengju þær vikulega heldur reyndum við að grípa í þær þegar færi gafst. Eftir áramót gengu þær betur og skiptum við yfir í Blætöskuna sem ætluð er 4-6 ára börnum enda öll börnin okkar að verða 4 ára á árinu. Okkar mat er að Vináttuverkefnið um Blæ hefur haft mjög jákvæð áhrif á samskiptin í barnahópnum.



Lubbastundirnar gengu ágætlega hjá okkur í vetur og tókum við ákvörðum um að vera með þær í morgunsamverunni einu sinni í viku. Börnin voru yfirleitt fljót að læra lögin og tileinka sér hljóðin og voru mjög áhugasöm í þessum stundum.

Við höfum verið dugleg að skrá niður verkefnavinnu barnanna en sú skráningavinna hefur að öllu leyti verið í höndum á smiðju- og deildarstjóra.

Mikið var um manneklu fyrir jól og strax eftir áramót og þurfti því að setja í gang um tíma faliðunarplan. Deildum var lokað ýmist allan daginn eða hluta úr degi og var starfsfólk þeirra deilda flutt á aðrar deildar. Þetta hafði að vissu leyti áhrif á starfið hvað varðar skipulag deildarinnar sem lagt var með í upphafi. Hópaskiptingin og hópastarfið riðlaðist því oft á tíðum en með samstilltu átaki og samheldni starfsfólks tókst okkur samt að framkvæma mjög mikið af verkefnum með börnunum. Við reyndum eftir bestu getu að hafa það að leiðarljósi að hugsa ávallt í lausnum þegar mannekla var mikil.

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Hugarfrelsi	Halda áfram með slökunar og öndunaræfingar	Í samveru og hvíld	Allir starfsmenn deildarinnar	Þegar aðlögun lýkur í haust	Þegar leikskólinn fer í sumarfrí	Meta á deildarfundum	Hvernig áhrifin eru á líðan barnanna og jafnvægi á deildinni
Smiðja	Nýta smiðjuvinnu meira í daglegu starfi	Tengja smiðjur meira við hátíðisdaga, ýmsa hefðir og þegar sérstakir viðburðir eiga sér stað	Skipa sérstakan smiðjustjóra sem ábyrgðarmann en allir starfsmenn taki þátt	Að hausti	Við sumarlokun	Metið á deildarfundum hvað má betur fara og hvað gekk vel	Upplifun barnanna af smiðjunni og hversu áhugasöm þau voru
Blær	Vinna með vináttuverkefnið um Blæ	Börn fari einu sinni í viku í	Deildarstjóri ber ábyrgð á að allir	Að hausti	Við sumarlokun	Meta á deildarfundum	Fylgjast með hvort börnin beri virðingu



		markvissa Blæstund	hópar fari einu sinni í viku en hópstjórar bera ábyrgð á að sinna Blæstundunum				fyrir sér og öðrum. Meta hvort jákvæð samskipti séu ríkjandi í barnahópnum
Lubbi	Markvissar Lubbastundir	Festa Lubbastundir í dagskipulaginu	Lubbastjóri	Að hausti	Við sumarlokun	Metið á deildarfundum	Athugað hvort börnin þekki stafina og hljóðin sem búið er að innleiða og geti jafnvel skrifað nafnið sitt
Útikennsla	Fara markvissat í vettvangsferðir	Allir hópar einu sinni í mánuði	Hópstjórar Deildarstjóri hefur yfirsýn	Að hausti	Við sumarlokun	Meta á deildarfundum hvert var áhugavert að fara	Upplifun barnanna á umhverfi sínu

### 3.5 Tröllabjörg

Starfsárið 2022-2023 voru á Tröllabjörgum 16 börn fædd 2019. Veturinn gekk almennt mjög vel og hélst hópurinn vel saman. Þrátt fyrir manneklu gekk starf og leikur á deildinni mjög vel. Starfsfólk lagði mikla áherslu á að skipta hópnum í tvennt og var mikið um útiveru, heimsóknir og starf utan deildarinnar. Í mars tók við nýr deildarstjóri og gekk sú breyting vel.

Unnið var með Lubba og Blæ eftir getu. Lubba spjöldin voru á upp á veggjum og oft skoðuð. Stundum voru Lubba stundir teknar þar sem lesnar voru sögurnar og lögin sungin. Bæði stóri og litli Lubbi voru oft með í leik og verkefnum. Öll börnin áttu síðan Blæ bangsa sem oft var gripið í til huggunar.



Samverustundir hafa verið nánast á hverjum degi. Sungin hafa verið sérstaklega merkt lög sem tileinkuð eru vetrartímunum á þeim tíma. Með vorinu voru sungin lög þeirrar árstíðar. Einnig eru sungin lög þar sem notast er við hreyfingar og tákni. Lögin tengdust oft líka smiðjunni sem við vorum í.





Útivera er stór þáttur af dagskipulaginu og fara börnin út á hverjum degi svo lengi sem veður leyfir. Börnin fara minnst einu sinni á dag út og tvisvar til þrisvar sinnum í góðu veðri. Breytt var skipulaginu um vorið og þá var börnunum skipt í tvo hópa þar sem annar hópurinn var inni og hinn úti fyrir og eftir hádegi. Síðan fóru allir út eftir kaffitíma. Það reyndist mjög vel og leið öllum vel að komast oft út og fá síðan gott næði í leik með færri börnum þegar þau voru inni.

Í haust var farið og safna alls konar laufblöðum og berjum sem börnin unnu með og gerðu haustverkefni sín. Í smiðjunni Læsissemiðja var unnið mikið með bækur og komu börn með bækur að heiman og búinn var til lestrarormur. Einnig fóru börnin í hópum í heimsóknir á bókasafnið, og var einblínt á að kenna þeim hvernig við förum með bækur. Litli Lubbi var sendur heim í hverri viku með einu barni yfir helgi og síðan var skrifað í bók hvað Lubbi og barnið gerðu saman. Bókin var síðan reglulega skoðuð á deildinni og sagt frá allskyns sögum.



Í smiðjunni Tökum flugið flugu börnin út í geim. Börnin gerðu sínar eigin plánetur, stjörnuverkefni og sendu síðan póstkort á plánetuna sína. Við skoðuðum margar myndir af geimnum og gerðum stórt samvinnu verkefni þar sem við máluðum stóra sól, tungl og jörð. Þar unnum við líka mikið með ljós og skugga.

Náttúrusmiðja var svo síðasta smiðja vetrarins og vöktu ormar mikinn áhuga barnanna á deildinni á á meðan við vorum að vinna í garðinum við að gróðursetja. Síðan vöktu fuglarnir líka mikinn áhuga og því vorum við með fugl vikunnar, unnum ýmis verkefni í kringum orma og fugla. Einnig gróðursettum við kress, tómata og gúrkur. Börnin byrjuðu snemma að fara út í litla garð og gera hann tilbúinn fyrir vorið og sumarið. Þau hreinsuðu laufblöðin, beðin og annað sem þurfti að snyrta.

Hreyfistund í sal var nokkuð markviss yfir allt árið. Skipaður verkefnastjóri sem sá um hreyfistundir. Barnahópnum var skipt upp í hópa og var hver hópur í um 30 mínútur í senn einu sinni í viku. Tónlistin var hluti af samverustundum sem voru teknar inn á deild. Þar var verið að syngja allskyns lög, hlusta á tónlist, ríma og klappa atkvæðin. Hugarfrelsi var stundum markviss hluti af starfinu. Við kenndum öndun, styrkleika, tilfinningar og vorum með möntru. Seinni part vetrar fórum við að vinna markvisst með einingakubba og voru þeir þá færðir inn í gjótu til að fá gott næði. Þá fóru stundum litlir hópar og fengu byggingarnar að standa í smá tíma. Veturinn gekk almennt mjög vel þrátt fyrir



mannekle, starfsmanna breytingar og skipti á deildarstjórum. Segulkubbar, holukubbar, einingakubbar, eldhúsdót, málning, perlur og púsl voru í miklu uppáhaldi hjá börnunum í vetur.

UMBÓTA-ÞÁTTUR MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Smiðja</b>	Hafa smiðjuna hluta af sem mestu starfi.	Kynna smiðjuna betur fyrir starfsfólki og börnum. Hvetja alla til þátttöku og finna leið til að tengja við fleiri þætti í starfinu.	Deildarstjóri og starfsfólk á deildinni. Hópstjóri settur yfir smiðjunni	Sept.	Júní	Deildarstjóri metur hvernig gengur og ræðir á deildarfundum. Einnig rætt í samveru við börnin hvað þeim finnst. Hópstjóri gerir áætlun og metur hvernig gekk að fylgja henni.	Að áhugi og skilningur baranna hafi aukist á efninu. Börn og starfsfólk hafi notið þess að vera í smiðjunni.
<b>Lubbi</b>	Markviss vinna strax í haust.	Byrja strax að hausti að setja hópstjóra sem sér um Lubba. Lubba-stundir í hverri viku og reynt að fara yfir hvert máhljóð.	Deildarstjóri og hópstjóri yfir Lubba	Sept.	Júní	Deildarstjóri og hópstjóri fara yfir og passa að farið sé eftir áætlun. Metið reglulega hvað er gert í Lubba-stundum. Hvað sé að virka og hvað ekki.	Börnin þekki máhljóðin þekki vel til Lubba og njóti þess að fara í Lubba-stundir.
<b>Hugarfrelsi</b>	Markviss vinna	Kenna betur og oftast Öndunina Tilfinningar Hugleiðsluna Styrkleiki	Deildarstjóri og hópstjóri yfir Hugarfrelsi	Sept.	Júní	Deildarstjóri og hópstjóri meta hvernig gengur og hvernig best sé að vinna með Hugarfrelsi inn á deild	Líðan barnanna metin og hvernig hugarfrelsi styður þau.
<b>Blær</b>	Meta hvort það passi í deildarskipulagið	Ef vilji er fyrir því að vera líka með Blæ að finna hvernig best sé að gera það inn á deild. Hægt að vera með Blæ stundir.	Deildarstjóri og hópstjóri yfir Blæ (ef unnið verður markvisst með Blæ)	Sept.	Júní	Metið hvort og hvernig sé unnið með Blæ. Skráð niður og gert plan.	Hvort börnin séu að nota Blæ til að líða betur eða finna til öryggis.
<b>Tónlist</b>	Festa tónlist einu sinni í viku	Setja hópstjóra yfir tónlist. Festa tíma einu sinni í viku.	Deildarstjóri og hópstjóri yfir tónlist.	Sept.	Júní	Deildarstjóri og hópstjóri meta hvernig gengur að fara eftir tímaplani og hvað er að	Börnin séu að læra söngva, þulur og fleira. Þekki mismunandi





		Kynna mismunandi hljóðfæri, tónlist, rím, þulur, söngva og fleira.				ganga vel og hvað ekki í tónlist.	hljóðfæri og hlusti á mismunandi tónlist
Útivera	Fjölbreyttari útivera. Betri nýting á garðinum	Útivera sé fjölbreyttari, meira unnið á öðrum svæðum í garðinum utan leikvallarins. Færa starfið að hluta til út, farið í leiki, borðað og samveru úti.	Deildarstjóri og mögulega hópstjóri yfir útiveru.	Sept.	Júní	Rætt á deildarfundum hvernig hefur gengið, Mögulega gera eitthvað tímaplan um verkefni úti og setja upp hugmyndir fyrir starfsfólk að gera úti annað en að fara á leikvallarsvæðið.	Líðan barna og hugmyndaflug í útiveru
Einingakubbar	Markviss vinna	Kynna mikilvægi einingakubbana og hvaða áhrif þeir hafa á þroska barna Kenna starfsfólki og börnum um frágangi og umgengni.	Deildarstjóri og starfsfólk	Sept.	Júní	Deildarstjóri og starfsfólk metur hvernig starfið gengur. Passað að starfsfólk sé að leggja áherslu á einingakubbana.	Skoða á hvaða stigi bygging-arnar eru og hvort börnin séu að sækjast í einingakubbana.



### 3.6 Álfabjörg

Starfsárið 2022-2023 voru á Álfabjörg 17 börn fædd 2019. Á deildinni unnu fjórir til sex starfsmenn yfir veturinn. Í nóvember tók nýr deildarstjóri við í tímabundna afleysingu, sú afleysing framlengdist fram að sumarleyfi. Þar sem aðeins átti að vera um tímabundna afleysingu að ræða byrjaði nýr deildarstjóri að vinna eftir fyrra plani en þegar komið var í ljós að fyrri deildarstjóri myndi ekki snúa til baka var farið í meiri breytingar. Starfsmannahópurinn slípaðist mjög vel saman og tókst vel að halda því skipulagi sem sett var fram fyrir deildina.



Samverustundir hafa verið nánast á hverjum degi. Sungin hafa verið sérstaklega merkt lög sem tileinkuð eru vetrartímunum á þeim tíma. Með vorinu voru sungin lög þeirrar árstíðar. Einnig eru sungin lög þar sem notast er við hreyfingar og tákni.

Frá ársbyrjun 2023 var reynt að vinna með Lubba tvisvar sinnum í viku, skipaður var Lubbastjóri sem hélt utanum Lubbastundirnar. Það gekk mjög vel þar til Lubbastjórinn fór í leyfi, þá duttu stundirnar því miður upp fyrir. Áfram var þó reynt að hlusta á og læra lögin.

Útivera er stór þáttur af dagsskipulaginu og fara börnin út á hverjum degi svo lengi sem veður leyfir. Börnin fara minnst einu sinni á dag út og tvisvar til þrisvar sinnum í góðu veðri. Þrisvar sinnum í viku fór helmingur barnanna út fyrir hádegi og helmingur barnanna var inni að vinna í skipulögðu starfi, hóparnir skiptu svo um stöðu eftir hádegi. Eftir áramót stóð til að fara í eina ævintýraferð á viku. Starfsmaður var settur sem hópstjóri en deildarstjóri tók fljótlega við að skipuleggja ferðirnar. Farið var með hálfa deild í einu, átta börn, og tveir starfsmenn með þeim. Þetta fyrirkomulag kom mjög vel út. Ævintýraferðirnar fóru vel af stað en í mars fækkaði starfsfólki á deildinni og í framhaldi af því varð næstum alveg að leggja ferðirnar niður.

Smiðjur á vorönn voru tvær Tökum flugið og Náttúrusmiðja. Fyrri smiðjan sem unnið var með eftir að nýr deildarstjóri tók við hét Tökum flugið og stóð yfir frá janúar og út mars. Unnið var með skugga og ljós og voru mörg skemmtileg verkefni unnin. Sum voru unnin þannig að þau enduðu með skráningu í persónumöppu barnanna á meðan önnur voru upplifun sem skiluðu af sér sýnilegu verki og enn önnur voru eingöngu upplifun. Einn starfsmaður var titlaður hópstjóri yfir smiðju til að halda utan um og hafa yfirsýn og sinnti hún því vel. Deildarstjóri hélt svo utan um allt ferlið.





Náttúrusmiðja var svo frá apríl og fram að sumarfríi. Ánamaðkar, sniglar, köngulær og blóm var það sem vakti mestan áhuga barnanna. Börnin fóru sjálf að safna ánamöðkum og í framhaldi af því var ákveðið að finna samastað fyrir nýju vinina. Fundið var gamalt fiskabúr og hjálpuðust kennarar og börn við að gera búið sem lífvænlegast fyrir ánamaðkana. Fljótlega var svo farið í vettvangsferð þar sem börnin fundu fullt af sniglum og voru þeir bornir heim og settir í fiskabúið hjá ánamöðkunum. Einn kennari á deildinni tók sig svo til og veiddi köngulær í búið. Köngulærnar báru afkvæmi og var búið fljótt fullt af litlum köngulóarbörnum. Lögð var áhersla á ferlið, upplifun barnanna og fræðslu.

Hreyfistund í sal var markviss strax og nýr deildarstjóri tók við. Skipaður var verkefnastjóri sem sá um hreyfistundir. Lögð var áhersla á að virkja hreyfifærni barnanna, vinna með grófhreyfingar og fínhreyfingar og minni. Auk þess var innleidd jógaútgáfa í anda hugarfrelsis inn í flest alla tíma. Deildarstjóri lagði áherslu á að hóparnir væru litlir svo hægt væri að hafa stundirnar markvissari, hver hópur var í 30 mínútur og kom þetta fyrirkomulag mjög vel út.

Ekki var unnið markviss með Blæ né tónlist. Tekin var ákvörðun um að vinna ekki með Blæ þar sem ekki náðist að koma Blæ inn í skipulagðar stundir og var ákveðið að leggja frekar áherslu á hugarfrelsi. Starfsmenn veltu því einnig fyrir sér hvort ekki væri grundvöllur fyrir því að sleppa Blæ og frekar flétta boðskap hans inn í hugarfrelsið og þannig efla hugarfrelsið enn frekar. Tónlist var tekin í samverustundum og lögð var áhersla á söng.

Hugarfrelsið vannst hægt og rólega inn í stundatöflu deildarinnar. Allir starfsmenn voru hvattir til að taka þátt með börnunum og koma þannig í veg fyrir að öll ábyrgðin lenti á einum starfsmanni. Einn starfsmaður var þó hvað virkastur yfir veturinn og var hún dugleg að nota tilfinningaspilið, taka slökun og öndun. Aðrir starfsmenn voru virkari í að taka öndun. Jóga festist í hreyfistundum hjá starfsmanni sem sá um þær stundir, þegar hún lét af störfum gekk deildarstjóri á eftir því að það héldi áfram þar sem börnin kunnu mjög vel við þessar stundir. Unnið var bæði með litla og stóra hópa eftir því hvað var verið að gera.



Lögð var áhersla á markvissa málörvun þar sem unnið var með rím. Búin voru til rím spil, unnið með rím í leikjum, í söngvum og vísum. Var þetta gert bæði í minni hópum sem og samverum. Deildarstjóri



lagði áherslu á að allir starfsmenn væru duglegir að setja orð á athafnir og virkja börnin í öllum þeim boðskiptum sem fram fóru. Þá fléttuðust Lubbastundirnar þar inn líka. Markviss málörvun hefði mátt vera enn meiri og markvissari en hún var og spilar þar inn í starfsmannaveltan á deildinni.

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi	Markviss vinna	Byrja strax að hausti og skipa hópstjóra sem heldur utan um stundirnar og passar að halda tímaáætlun. Eins er mikilvægt að hafa tvo starfsmenn sem geta sinnt verkefninu þannig að það detti ekki upp fyrir ef verkefnastjórinn forfallast.	Deildastjóri ber ábyrgð ásamt völdum hópstjóra.	Sept.	Júní	Hópstjóri skipuleggur veturinn strax í september og skiptir niður máhljóðunum yfir allan veturinn. Hópstjóri heldur utan um áætlunina og metur í lok vetrar hvernig gekk.	Að börnin læri tákni máhljóðanna, lögin og byrji að tengja hljóð við bókstaf.
Blær	Markviss vinna	Byrja strax að hausti. Skipa hópstjóra sem setur sig inn í Blæ og miðlar markvisst efninu til annarra kennara á deildinni.	Deildastjóri ber ábyrgð ásamt völdum hópstjóra.	Sept.	Júní	Hópstjóri skráir hjá sér það sem vel gengur og það sem betur mætti fara. Farið er reglulega yfir þá punkta á deildarfundum.	Fylgjast með framförum í félagsfærni barnanna og hvort færri árekstrar verði milli þeirra.
Hugarfrelsi	Markviss vinna	Byrja strax að hausti. Skipa hópstjóra sem skipuleggur nokkrar vikur í senn og miðlar því til annarra kennara á deildinni.	Deildastjóri ber ábyrgð ásamt völdum hópstjóra.	Sept.	Júní	Hópstjóri setur upp tímaplan þar sem hugarfrelsi er bætt inn stigvaxandi yfir veturinn og metur framgang.	Hegðun og líðan barna metin.
Tónlist	Markviss vinna	Skipaður er hópstjóri sem býr til skipulag fyrir nokkrar vikur í senn og sér um að taka	Deildastjóri ber ábyrgð ásamt völdum hópstjóra.	Sept.	Júní	Hópstjóri heldur utan um ferlið og bætir og lagar eftir því sem þörf er á. Með því að hafa skipulag nokkrar	Að börnin kynnist hljóðfærum, læri vísur og fari að syngja meira. Virk þátttaka í samverustundum.



		börnin í 3 hópum út af deildinni í tónlistarstund.				vikur fram í tímann er auðvelt fyrir annan kennara að hlaupa í skarðið ef það er fjarvera hópstjóra.	
--	--	--	--	--	--	--	--

### 3.7 Dvergadalur

Starfsárið 2022-2023 hóst með að Dvergadalur opnaði í endaðan ágúst þar sem sjö börn fluttust yfir frá Töfradal og í byrjun september byrjuðu fimm ný börn. Það voru tólf börn fædd 2020 á deildinn og fjórir starfsmenn. Aðlögunin gekk mjög vel, við fengum góðan tíma til að aðlaga börnin á milli deilda og þau fengu að aðlagast deildinni vel áður en ný börn komu inn.

Veturinn fór vel af stað, við byrjuðum á að kynna hvort öðru og læra inn á þarfir hvers og eins. Lögð var áhersla á frjálsan leik og að efniviðurinn væri opinn og aðgengilegur inn á deildinn. Lagt var upp með það hugarfar að ef efniviðurinn væri aðgengilegur fyrir börn væri mikilvægt að starfsfólkið væri til staðar í leiknum og kenndi börnunum að umgangast efniviðinn. Úr því varð að við gátum haft bækur í hæð barnanna og þegar eitthvað kom fyrir bókin var hún sett í viðgerð og börnin lærðu mjög fljótt að umgangast bækur. Einingkubbar voru einnig aðgengilegir ásamt öllu öðru dóti sem boðið var upp á, það gekk vel að kenna börnunum að umgangast dótið og ganga vel um.



Smiðjurnar fóru vel á stað, fyrsta smiðjan var Stórir og litlir heimar þar unnum við með vináttu, samskipti, félagsfærni og haustið. Aðaláherslan í þessari smiðju hjá okkur var að aðlagast inn á deildina og sameina hópinn, sungin voru vinalög og farið í hvernig við tölum hvort við annað, t.d. má ég fá, stopp ég vil ekki og viltu hjálpa mér. Einnig var unnið að sjálfsmyndum, lafin sem féllu af trjánnum skoðuð og unnið með þau.

Í október hófst læsismiðja þar unnum við með jólagjöfina, í ár var málað á bleyjunni í Árdal þar sem tvö börn voru tekin saman og þau fengu að leika frjálst með málninguna. Einnig nýttum við læsismiðjuna til að byrja á að senda Lubba heim með börnunum, þar skrifuðu þau hvað þau gerðu um helgina með Lubba og komu síðan með upphalds bókina sína í leikskólann. Smiðjan endaði síðan á því að börnin buðu foreldrum sínum í heimsókn að mála piparkökur.





Í janúar hóst smiðjan Tökum flugið og ákveðið var að vinna með ljós og skugga í byrjun og færa okkur síðan yfir í pappír. Þar sem mannekla seti svip sinn á byrjun árs var eingöngu unnið með ljós og skugga en það var mikið gert. Við byrjuðum á að lita hrísgrjón sem við lékum fyrst með inn á deild og fóru síðan í Árdalinn. Árdalurinn var mikið nýttur þar sem settur var upp myndvarpi, ljósaborð, tuff bakki og ljósaborð ásamt ýmsum opnum efnivið. Einnig nýttum við ljósborðið og sjávarpa inn á deild. Skoðuðum þegar sólin varpaði skugga á umhverfi okkar og bjó til regnboga þegar geislarnir lentu á glasi. Í smiðjulokum buðum við foreldrum í heimsókn að skoða sköpunarverk okkar og myndir af ferlinu.

Í apríl hófst Náttúrusmiðja, hún hefur farið vel af stað, byrjað var að sá tómatufræjum, fara í vettvangsferðir um nánasta umhverfi og ásamt því að leika í árdalnum.



Farið var í samverustundir þrisvar sinnum á dag, á morgnanna var boðið góðan daginn með tákni og sunginn góðan daginn söngurinn, máhljóð vikunnar lagt fyrir, farið yfir hvað dagurinn bar í skauti sér og ávextir borðaðir. Fyrir mat og kaffi var sest niður og ýmist sungið, lesin bók eða farið í leiki. Farið var út að minnsta kosti einu sinni á dag, einstaka sinnum kom það þó fyrir að garðurinn eða veðrið bauð ekki upp á útiveru. Þó má segja að börnin okkar hafa verið hörkutól og prófað að fara út í mjög fjölbreytt veður í vetur.

Unnið hefur verið með Lubba í allan vetur, eitt máhljóð hefur verið tekið í viku þar sem við höfum lesið söguna og sungið lögin sem fylgja. Lubbi kikir í heimsókn þar sem hann býður góðan daginn með tákni og kennir okkur lagið. Best finnst honum þó að fá knús

frá öllum í lok stundar. Einnig hefur hann farið heim með einu barni í viku og hefur það gangið vonum framan, tilgangurinn með því að senda Lubba heim er að auka tengsl á milli heimili og skóla.

Hugarfrelsi fór vel af stað hjá okkur í haust, við vorum með hugarfrelsis stundir þar sem við fórum í öndun og gerðum nokkrar jógaæfingar og slökun. En því miður datt það svo upp fyrir, en við nýtum öndunina þegar við erum reið eða þurfum að róa okkur.





Lítið um skipulagt útinám, en í haust fórum við í göngutúra. Farið í litla garðinn þar sem við höfum verið að æfa okkur að klifra og fara upp og niður. Göngutúrarnir hafa aftur verið teknir upp núna með vorinu á dagskrá einusinni í viku. Auk þess hefur það verið sett inn á starfsmannaplanið hverjir fara í göngutúra.

Mikið hefur verið unnið með sjálfshjálpi, í fatklefanum eru börnin hvött til að klæða sig sjálf í og úr, gefið tækifæri til að skammta sér sjálf

grænmeti og jafnvel sósu og eftir bleyju skipti fá þau að reyna að klæða sig sjálf í fötin.

Blær hefur ekki náð að festa sinn sess inn á deildinn en við höfum þó talað mikið um vináttu og hvernig við komum fram hvort við annað. Einnig höfum við tekið á málum sem upp hafa komið í samverustund.

Málörvun hefur verið unnin inn á deild með því að vera með börnum í leik og starfi, sett hefur verið orð á athafnir og hluti. Unnið hefur verið með Gefðu tíu með þeim börnum sem þurfa á frekari málörvun að halda og Tákni með tali. Einnig var unnið með málörvunarhóp þegar hægt var.

Foreldraviðtöl voru tvö á skólaárinu fyrra var tekið í haust eða í nóvember og eftir áramót var stefnan að bjóða upp á afmælisviðtal eða viðtal í þeim mánuði sem barnið átti afmæli. Haustviðtölin gengu mjög vel og náðist að tala við flesta foreldra. Farið var yfir líðan barns og markmið fyrir veturinn. Það tókst að bjóða upp á afmælisviðtöl í upphafi árs þar sem farið var yfir TRAS og spjallað um barnið. Í maí voru síðan tekin foreldraviðtöl við þau börn sem eiga afmæli í sumar og að hausti.

Samrunni deilda, í apríl var ákveðið að setja saman Huldudal og Dvergadal það hafði töluverð áhrif á starfið inn á deildinn í apríl. Við vorum að finna út hvernig best væri að vinna saman með þessa tvo hópa og starfsfólkið var að læra að vinna saman. Þetta tók mjög á alla hvort sem það voru börn eða fullorðnir. En með þrautseigju tókst þetta og samstarfið varð betra og börnin aðlöguðust því að vera með tvær deildir til umráða.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Að hvert og eitt barn fái tækifæri til málörvunar. Þau eru á máltöku skeiði og því skiptir máluhverfi miklu máli.	Með því að tala við börnin og að leikskólamálið sé talað inn á deildinn, passa þyrlutungu-málið. Að setja orð á athafnir og hluti, vera með í leiknum, söngur og lestur	Deildastjóri ber ábyrgð á virkri málörvun inn á deild. Allir starfsmenn taka þátt.	Sept 2023	Júní 2024	Meta á deildarfundum, gera skráningu hvað börn við tölum við.	Tras og Hæfniramma í íslensku fyrir erlend börn
Lubbi	Halda áfram að vinna með Lubba	Að unnið sé með Lubba á markvissan hátt, eitt málhljóð tekið á viku. Þar sem börnin eru ung að leggja áherslu á sönginn og söguna. Senda Lubba heim til að tengja heimili og skóla	Allir starfsmenn taka þátt í að vinna með Lubba	Sept 2023	Júní 2024	Metið á deildarfundum. Hvernig gengur og hvað má gera betur.	Að börnin þekki lögin og táknið með málhljóðunum.
Hugarfrelsi	Halda áfram að innleiða hugarfrelsi. Að það verði að daglegum venjum.	Byrja samverustundir á öndun. Nýta í hvíld með börnum sem sofa ekki. Athuga með Jógastundir	Allir starfsmenn.	Sept 2023	Jún 2024	Metið á deildarfundum, skoða hvað vel gengur og hvernig við getum gert betur.	Skoða líðan barna á deildinni.
Skráningar	Að allir starfsmenn taki þátt í skráningum.	Hvetja starfsmenn til að gera skráningar. Sýna að það er hægt að gera skráningar á mismunandi vegu.	Deildarstjóri sér um hvatningu og kynningu	Sept 2023	Jún 2024	Skoðað á deildarfundum hvernig gengur og skráningarnar ræddar.	Skoða hvort starfsmenn verði öruggari í skráningum
Smiðjur	Að allir vinna markvíst í smiðju	Að allir starfsmenn vinna saman að því að gera smiðjuáætlun og vinna út frá því. Mikilvægt að halda í Deildafundi	Deildarstjóri	Sept 2023	Júní 2024	Metið á Deildafundum	Útkomma smiðjunnar





Reggio Emilia	Að allir starfsmenn þekkja stefnuna okkar.	Kynna stefnuna í upphafi vetrar. Finna greinar sem áhugavert er að lesa um stefnuna, skoða myndir. Einnig að kynna stefnuna fyrir nýjum starfsmönnum.	Deildarstjóri sér um að kynna efnið og að unnið sé í anda stefnunar	Sept 2023	Júní 2024	Metið á deildarfundum	Skoðað hversu vel starfsmenn þekkja stefnuna okkar
---------------	--	---	---	-----------	-----------	-----------------------	--

### 3.8 Huldudalur



Starfsárið 2022-2023 voru 12 börn fædd árið 2020 á Huldudal. Starfið fór frekar rólega af stað þar sem öll börnin komu ný inn ásamt tveimur starfsmönnum. Börnin voru tekin inn í aðlögun 4 í einu og var aðlögun lokið október 2022. Haustið fór svolítið í að slípa deildina til, bæði starfsfólk og börn sem voru annað hvort að koma alveg ný inn á leikskóla eða koma af ungbarnaleikskóla. Aðlögunin gekk misvel og tók mislangan tíma hjá börnunum. Í nóvember var allt farið að smella saman og við gátum farið af stað með skipulegt starf. Fram að því höfðum við lagt mesta áherslu á samverustundir, frjálsan leik og útiveru. Eftir áramót var talsvert um veikindi og hafði mannekjan talsverð

áhrif á skipulagt starf á deildinni en starfsmenn gerðu sitt besta til að halda því gangandi, þrátt fyrir að loka þyrfti deildinni einn dag í viku í smá tíma.

Á Huldudal leggjum við mikið upp úr frjálsum leik, söng og málörvun. Talsverð samvinna var á milli Huldudals og deildarinnar við hliðina, Dvergadals, þá sérstaklega þegar kom að smíðjum og sköpun. Árdal fengum við að nota einu sinni í viku, ásamt salnum og listasmiðju.

Samverustundir voru tvisvar á dag, ávaxtastund fyrir útiveru á morgnana og samvera og söngur fyrir hádegismat. Lubbastund var einu sinni í viku í samveru fyrir mat og tókum við þá fyrir einn staf, ták hans og hljóð, sungin lög þar sem stafur vikunnar var í aðalhlutverki. Áhersla var líka lögð á lög með hreyfingum og táknum. Til stóð að flétta Hugarfrelsi og jafnvel jóga inn í daglegt starf en það náðist ekki.





Útiveran er stór partur af daglegu starfi Huldudals og fara börnin út á hverjum degi þegar veður leyfir í leik- og könnunarferðir í garðinum.

Við byrjuðum veturinn á læsissmiðju þar sem aðaláherslan var lögð á lestur og málörvun. Á föstudegi í hverri viku fékk hvert barn af deildinni bakpoka með sér heim yfir helgina, sem innihélt Lubba bangsa og bók til að skrifa í hvað

barnið hafði brallað þá helgina með Lubba. Við settum líka upp lestrarorm sem bæði starfsmenn deildarinnar og foreldra barnanna tóku þátt í að skapa. Lesnar voru bækur í samveru eða heima, svo var nafn bókar, nafn barns/deildar og dagsetning skrifað á miða sem við höfðum útbúið og hengdum svo upp á vegg og horfðum á Orra orm stækka. Bæði foreldrar og starfsmenn tóku vel í verkefnið og unnu saman að því.



Í janúar var smiðjan Tökum flugið og unnið var með ljós og skugga. Markmiðið var að nemendur fengju tækifæri til að upplifa og prófa sig áfram ljós og skugga og að þau fengju tækifæri til að skoða skuggann sinn og hvernig ljósið fellur á hinn ýmsa efnivið bæði úti og inni.

Krakkarnir fóru í Árdal þar sem myndum og formum var varpað á vegg með myndvarpa og eins var myndböndum varpað á vegginn með

skjávarpa. Í sköpun fengu börnin að vinna með marglitan pappír og bókaplast, meðal annars skreytt með hlutum sem glitrar á sem við hengdum í gluggana og leyfðum sólarljósinu að skína í gegn. Inni á deild fengu krakkarnir að leika með marglit form á ljósaborði inni í Gjótu. Börnin gerðust líka litlir vísindamenn og gerðum við tilraun með vatn, olíu og matarlit og settum glimmer og marglitan pappír í plastflösku og fylgdumst með litnum blandast við vatnið og með olíunni skilja sig frá vatninu.



Í apríl varð svo breyting á deildinni, deildarstjóri færðist yfir á aðra deild og Huldudalur og Dvergadalur sameinuðust.

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Málörvun</b>	Að hvert og eitt barn fái tækifæri til málörvunar. Þau eru á máltöku skeiði og því skiptir málumhverfi miklu máli.	Með því að tala við börnin og að leikskólamálið sé talað inn á deildinn, passa þyrlutungu-málið. Að setja orð á athafnir og hluti, vera með í leiknum, söngur og lestur	Deildarstjóri ber ábyrgð á virkri málörvun inn á deild. Allir starfsmenn taka þátt.	Sept 2023	Júní 2024	Meta á deildarfundum, gera skráningu hvað börn við tölum við.	Tras og Hæfniramma í íslensku fyrir erlend börn
<b>Lubbi</b>	Halda áfram að vinna með Lubba	Að unnið sé með Lubba á markvissan hátt, eitt máhljóð tekið á viku. Þar sem börnin eru ung að leggja áherslu á sönginn og söguna. Senda Lubba heim til að tengja heimili og skóla	Allir starfsmenn taka þátt í að vinna með Lubba	Sept 2023	Júní 2024	Metið á deildarfundum. Hvernig gengur og hvað má gera betur.	Að börnin þekki löginn og tákinn með máhljóðunum.
<b>Hugarfrelsi</b>	Halda áfram að innleiða hugarfrelsi Að það verði að daglegum venjum.	Byrja samverustundir á öndun. Nýta í hvíld með börnum sem sofa ekki. Athuga með Jógastundir	Allir starfsmenn.	Sept 2023	Jún 2024	Metið á deildarfundum, skoða hvað vel gengur og hvernig við getum gert betur.	Skoða líðan barna á deildinni.
<b>Skráningar</b>	Að allir starfsmenn taki þátt í skráningum.	Hvetja starfsmenn til að gera skráningar. Sýna að það er hægt að gera skráningar á mismunandi vegu.	Deildarstjóri sér um hvatningu og kynningu	Sept 2023	Jún 2024	Skoðað á deildarfundum hvernig gengur og skráningarnar ræddar.	Skoða hvort starfsmenn verði öruggari í skráningum
<b>Smiðjur</b>	Að allir vinna markvíst í smiðju	Að allir starfsmenn vinna saman að því að	Deildarstjóri	Sept 2023	Júní 2024	Metið á Deildafundum	Útkomma smiðjunnar



		gera smiðjuáætlun og vinna út frá því. Mikilværgt að halda í Deildafundi					
Reggio Emilia	Að allir starfsmenn þekkja stefninu okkar.	Kynna stefnuna í upphafi vetrar. Finna greinar sem áhugavert er að lesa um stefnuna, skoða myndir. Einnig að kynna stefnuna fyrir nýjum starfsmönnum.	Deildarstjóri sér um að kynna efnið og að unnið sé í anda stefnunar	Sept 2023	Júní 2024	Metið á deildarfundum	Skoðað hversu vel starfsmenn þekkja stefnuna okkar

### 3.9 Töfradalur



Starfsárið 2022-2023 voru í upphafi 5 börn fædd 2020 – 2021 á Töfradal. Starfið fór frekar rólega af stað en aðlögun nýrra barna hófst í október 2022. Alls komu 7 ný börn inn á leikskólann og börnin á Töfradal orðin 12, fædd árið 2020 og 2021. Haustið fór rólega af stað, bæði vegna aðlögunar nýrra barna og vegna nýs starfsfólks.

Samverustundir hafa verið á hverjum degi, stundum tvisvar á dag. Í morgunsamveru fá börnin ávexti og við syngjum saman lög. Vinsælustu lögin eru lög með hreyfingum og táknum, en við syngjum lög tengd dýrum, litum og lærum að telja. Samvera hefur einnig verið fyrir hádegismat og sitjum við þá með börnunum og lesum en syngjum líka lög með þeim. Við höfum líka farið með rím vísur við matarborðið á meðan maturinn er tekinn til fyrir börnin og hefur það stytt biðina fyrir börnin og komið í veg fyrir óþolinmæði og eirðarleysi.

Útivera spilar stórt hlutverk í daglegu starfi á Töfradal og fara börnin út á hverjum degi ef veður leyfir. Bæði er leikið í garðinum og núna á vormánuðum höfum við líka farið í gönguferðir um nærumhverfi leikskólans.





Við byrjuðum veturinn á læsissemiðju þar sem aðaláherslan var lögð á lestur og málörvun. Litli Lubbi var sendur heim á föstudegi í hverri viku með einu barni yfir helgi og síðan var skrifað í stílabók hvað Lubbi og barnið gerðu saman. Bókin var síðan reglulega skoðuð á deildinni og sagt frá allskyns sögum. Við settum líka upp kósýhorn með dýnum, púðum og bókum og höfum verið dugleg í allan vetur að



sitja þar og lesa/skoða bækur með börnunum. Þar sem aðlögun dróst fram eftir vetrinum þá fór hefðbundið starf róleg af stað.

Í janúar byrjaði smiðjan Tökum flugið og unnið var með ljós og skugga. Markmiðið var að nemendur fengju tækifæri til að upplifa og prófa sig áfram með annars vegar ljós og skugga. Að þau fengju tækifæri til að skoða skuggann sinn og hvernig ljósið fellur á hinn ýmsa efnivið bæði úti og inni. Við fórum með krakkana inn í Gjótu þar sem þau fengu að leika sér með marglit form á ljósaborðinu, og svo var myndum og formum varpað á vegg með myndvarpa.

Í enda mars varð sú breyting á að skipt var um deildarstjóra og við tók kennari með reynslu og menntun sem bæði leikskólaliði og deildarstjóri af eldri deild. Segja má að starfið hafi blómstrað eftir þá breytingu og bæði starfsmenn og börn mjög virk og samvinna náin og til fyrirmyndar. Örlitlar breytingar voru gerðar á deildinni, til að mynda voru samverustundir festar í dagskipulaginu, við skiptum hópnum upp í smærri hópa, bæði í samveru og frjálsum leik, og prófuðum að vera með Lubbastund einu sinni í viku. Náttúrusmiðja var svo síðasta smiðja vetrarins og vöktu köngulær sem sáust hanga utan á gluggum deildarinnar mikla athygli. Farið var í göngutúra til að kynnst náttúrunni betur og finna köngulær og annað áhugavert. Gróðursett voru tómatafræ og börnin hjálpuðust að við að hugsa um fræin og fylgjast með þeim vaxa.



UMBÓTA- PÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Að hvert og eitt barn fái tækifæri til málörvunar. Þau eru á máltöku skeiði og því skiptir málumhverfi miklu máli.	Með því að tala við börnin. Að setja orð á athafnir og hluti, vera með í leiknum, söngur og lestur.	Deildastjóri ber ábyrgð á virkri málörvun inn á deild. Allir starfsmenn taka þátt.	Sept 2023	Júní 2024	Meta á deildarfundum, gera skráningu hvað börn við tölum við.	Tras og Ungbarna-listinn.
Lubbi	Halda áfram að vinna með Lubba	Að unnið sé með Lubba á markvissan hátt, eitt máhljóð tekið á viku. Þar sem börnin eru ung að leggja áherslu á sönginn og söguna. Senda Lubba heim til að tengja heimili og skóla	Allir starfsmenn taka þátt í að vinna með Lubba	Sept 2023	Júní 2024	Metið á deildarfundum. Hvernig gengur og hvað má gera betur.	Að börnin þekki lögin og táknið með máhljóðunum.
Hugarfrelsi	Fara markvíst í það að innleiða hugarfrelsi Að það verði að daglegum venjum.	Byrja samverustundir á öndun. Nýta í hvíld með börnum sem sofa ekki. Athuga með Jógastundir	Allir starfsmenn.	Sept 2023	Jún 2024	Metið á deildarfundum, skoða hvað vel gengur og hvernig við getum gert betur.	Skoða líðan barna á deildinni.
Skráningar	Að allir starfsmenn taki þátt í skráningum.	Hvetja starfsmenn til að gera skráningar.	Deildarstjóri sér um hvatningu og kynningu	Sept 2023	Jún 2024	Skoðað á deildarfundum hvernig gengur og skráningarnar ræddar.	Skoða hvort starfsmenn verði öruggari í skráningum
Smiðjur	Að allir vinna markvíst í smiðju	Að allir starfsmenn vinna saman að því að gera smiðjuáætlun og vinna út frá því. Mikilvægt að halda deildarf.	Deildarstjóri	Sept 2023	Júní 2024	Metið á Deildarfundum	Útkomma smiðjunnar






Reggio Emilia	Að allir starfsmenn þekkja stefnuna okkar.	Kynna stefnuna í upphafi vetrar. Finna greinar sem áhugavert er að lesa um stefnuna, skoða myndir. Mikilvægt að kynna stefnuna fyrir nýjum starfsmönnum.	Deildarstjóri sér um að kynna efnið og að unnið sé í anda stefnunnar	Sept 2023	Júní 2024	Metið á deildarfundum	Skoðað hversu vel starfsmenn þekkja stefnuna okkar
---------------	--	--	--	-----------	-----------	-----------------------	--



### 3.10 Listasmiðjan og smiðjur

Í Listasmiðjunni í Móa þar sem Mosadalur og Fífudalur eru staðsettir byrjuðum við fyrstu smiðju vetrarins á vináttusmiðju. Markmið smiðjunnar var að hrista hópinn saman og unnu börnin tvö til þrjú saman verkefni.

Eldri börnin sulluðu saman með þekjuliti og sápukúlur og úr varð skemmtilegur sull leikur sem kennari skráði niður. Yngri börnin gerðu tvö til þrjú saman dýr úr náttúruvefniviði og pappa.




Önnur smiðja vetrarins var Læsissmiðja. Í þeirri smiðju í Listasmiðjunni vorum við aðallega að vinna í jólagjöfunum. Hvert barn fékk að velja hvað það vildi gefa mömmu sinni og pabba í jólagjöf og fékk alveg frjálssar hvernig það gerði jólagjöfina sína. Útkoman var mjög fjölbreytt og varð til allskonar fínerí sem fór svo í jólapakka til foreldranna t.d. urðu til einhyrningar, flugvélar, málverk, blóm, jólasveinar, eyrnalokkar, kaffivél ofl. Jólagjöfinni fylgdi svo lítil bæklingur með skráningu af ferlinu.




Eftir áramót tóku elstu börn leikskólans þátt í samstarfsverkefni á milli Tónskóla Sigursveins og leikskóla í Reykjavík. Unnið var með lög eftir tónlistarkonuna og tónskáldið Ragnhildi Gísladóttur. Börnunum var skipt í þrjá hópa. Hver hópur rýndi vel í textana og valdi sér svo að lokum eitt lag eftir Ragnhildi til þess að vinna með nánar. Lögín sem urðu fyrir valinu hjá börnunum voru Englabörn, Prinsessan í Sælgætislandi og Sísí fríkar út. Smiðjan gekk mjög vel og varð afraksturinn mjög



fjölbreyttur og skemmtilegur. Hver hópur fór í eina ferð sem tengdist viðfangsefninu þeirra og vakti það mikla lukku hjá börnunum.



Yngri börnin sem voru á Mosadal fóru á sýninguna Vatnið í náttúru Íslands í Perlunni og unnu svo verk í Listasmiðjunni út frá henni. En börnin völdu sér að vinna með Vatnsketti, strætó og fiska. Farið var líka í vettvangsferðir sem tengdust viðfangsefnum barnanna þannig að Strætóhópur fór og heimsótti höfuðstöðvar strætó. Eitt foreldri sem er sjómaður kom með fullt af fiskum sem fiskahópur fékk að skoða nánar t.d. lítinn hárfarll, steinbít, krossfisk o.fl. Börnin sem voru að vinna með Vatnskettina fóru og veiddu nokkra vatnsketti sem þau skoðuðu með stækkunarglerum inn á deild.







## Bleiki karfinn

Barnið segir frá verkinu sínu:  
*Þetta er bleiki karfinn. Hann  
borðar fiska nammi. Hann er í  
fiskabúri. Hann er bara að  
synda um. Hann fær sér svo að  
borða þegar ég vil. Hann er  
með þrjár beittar tennur.*

Náttúrusmiðjan er svo jafnan síðasta smiðja vetrarins þar sem báðar deildarnar í Móa lögðu áherslu á að vinna með náttúruna. Farið var í ferðir bæði um nærumhverfið en einnig fóru eldri börnin í lengri ferðir. Verið var að vinna með snigla, orma, blóm, fiska og ýmislegt fleira. Þá voru allir duglegir að gróðursetja og rækta blóm. Í þessari smiðju fór líka góður tími í að gera sjálfsmyndir sem börnin út í Móa útfærðu svo í leir.



Vegna fjarveru verkefnastjóra myndlistar í Dal (yngrri barna húsinu) var myndlistin og öll smiðjuvinna á herðum deildarstjórnanna þennan veturinn. Deildarnar skiptu listasmiðjunni á milli sín og voru deildarnar duglegar við að nýta sér hana. Árdalur var mikið nýttur inn í smiðjurnar og var mikið



skapandi starf sem fór fram þar. Áhersla var lögð á upplifun og skynjun með börnunum, ásamt skráningum og ýmsum fleiri verkefnum.

### 3.11 Tónlist

Tónlistin í Móa, Fífudalur og Mosadalur veturinn 2022-2023

Tónlistin í Dalskóla leikskólahluta fór vel af stað í haust á eldri deildum leikskólans. Verkefnastjóri í tónlist vann í vetur með 4- 6 ára börnum vikulega á Fífudal og Mosadal. Söngstundir í litlum og stórum hópum fóru fram á báðum deildunum. Einu sinni í mánuði voru sameiginlegar söngstundir.

Fyrir áramót var unnið með Dýrasinfóníuna eftir Dan Brown í tónlistarstundunum, þar sem unnið er með málörvun, rím, stafi og tónlist. Einnig var unnið með ýmsa texta og lög tengd árstíðum.



Í læsissmiðjunni fyrir jólar unnu börnin með söngtexta og þulur. Buxur, vesti brók og skó eftir Hallgrím Pétursson var tekin fyrir með 4 ára börnunum og búið til tónverk með þeirri þulu. Eldri börnin lærðu Álfareiðina, Jólaköttinn og Krummi svaf í klettagjá og hljóðsettu.

Börnin á Fífudal (5 -6 ára) tóku þátt í samstarfsverkefni

Tónskóla Sigursveins Kristinssonar og leikskóla í Reykjavík líkt og fyrri ár í tengslum við

Barnameningarhátíð. Undirbúningur tókst vel var tekinn inn í smiðjuvinnu að þessu sinni.

Tónlistamaðurinn sem börnin kynntust í ár var Ragnhildur Gísladóttir. Börnin unnu verkefni í smiðjuvinnu tengd lögnum sem þau lærðu í tónlistarstundum. Þau fengu líka að kynna því hvernig tónlist verður til með því að búa til litamynstur og spila á sílafón. Hápunkturinn var þegar við fórum í Hörpuna að syngja þann 18. apríl ásamt ríflega 300 öðrum börnum.

Þann 30. mars voru smiðjulok og börnin sungu hluta laganna fyrir 4 ára börnin fyrir hádegi og fengu leyngest í heimsókn, sjálfa Ragnhildi Gísladóttur. Dáðist hún að vinnu barnanna og tók lagið með þeim.

Eftir áramót var unnið með vatnaveröldina á Mosadal (börn fædd 2018) í tónlistinni í tengslum við smiðjuvinnu þeirra. Lög um rigninguna, vindinn og skordýrin voru leikin og búnir til tónlistarleikir tengdir þeim. Unnið var með texta í lögum og búnir til textar með börnunum tengd smiðjuvinnunni. Leikið á hljóðfæri og fleira.



Hér er eitt dæmi um það sem gert var í tónlistarstund með 4-5 ára hóp sem var að vinna með fiskana í smiðjuvinnu

1. Nafnalag: Hrópa-hvísla lagið – af plötunni Völuskrín – glens og gaman á Spotify
2. Kátir fiskar: af plötunni hopp og hí; börnin liggja á gólfinu og hrista fætur fyrir sporðinn þegar við á í laginu.
3. hákarlinn í hafinu af plötunni „Berrösuð á tánnum“ hlustað og leikið
4. fiskarnir tveir sungið
5. negli og saga
6. Fagur fiskur í sjó kennt.
7. Þakkað fyrir tímann með því að standa í hring og syngja kveðjulag.

Í Dalnum (yngri barna deildum) var verkefnastjóri með erindi um mikilvægi tónlistar með ungum börnum á starfsmannafundi í janúar. Ekki hefur tekist að fylgja því eins vel eftir eins og verkefnastjóri hefði viljað.

## 4 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2022-2023

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b>  Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.  Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Í Dalskóla er unnið eftir hugmyndafræði um menntun án aðgreiningar. Lögð er áhersla á að börnin séu virkir þátttakendur í almennu starfi deilda eins og hægt er. Kennarar/starfsfólk sem tengjast börnum sem þurfa sérstuðning sinna einstaklingsvinnu en lögð er áhersla á að allir á viðkomandi deild sinni og fylgi eftir áherslum viðkomandi barns, að barnið sé hluti af barnahópnum.  Í kennslu eru nýtt gögn úr atferlisþjálfun og TEEACH eftir því sem við á hvort sem er í hópastarfi eða einstaklingskennslu.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b>  Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>TRAS, EFI-2 og HLJÓM-2 eru notuð sem skimunartæki. AEPS, ABLLS-R, Orðaskil, Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Íslenski máhljóðamælirinn eru listar sem voru notaðir eftir þörfum.</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b>  Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Í sérkennslu eru nýtt ýmiskonar spil og gögn/leikföng fyrir málörvun, félagsfærni og</p>



	vitsmunaproska. Einnig er skapandi efniviður nýttur í sama tilgang. Keyptur var Spotify aðgangur til þess að vinna með tónlist og sögur og skynúrvinnslu námsgögn.
--	--

### Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
„Það er gott að lesa“	Áfram verður unnið eftir markmiðum í læsis-áætluninni „Það er gott að lesa“.	Fylgt verður eftir markmiðunum í daglegu starfi.	Sérkennslu- stjórar og deildarstjórar	Haut 2023	Vor 2024	Á starfsmanna- fundum / deildar- fundum	Að allt starfsfólk leikskólans sé meðvitað um helstu markmið stefnunnar.
Sjónrænt dagskipulag/ stýrikerfi	Að á markvissari hátt nýta sjónrænt efni í daglegu starfi deilda.	Gera efni aðgengilegt. Hvetja starfsfólk til að vera virkt í að nota myndrænt efni.	Sérkennslu- tjórar og deildar- stjórar	Haut 2023	Vor 2024	Með því að skoða og heyra hvernig sjónrænt efni er nýtt í starfi	Sjálfsmat á deildum.
Málörvunarhópar	Búa til aðgengilegar leiðir svo allt starfsfólk geti tekið málörvunarhópa	Undirbúa poka eða körfur með tilbúnum málörvunar verkefnum sem hægt er að grípa í með litlum fyrirvara. Þarf áframhaldandi vinnu. Hafa skipulagða málörvunarhópa í deildarstarfi.	Sérkennslu- stjórar og deildar- stjórar	Haut 2023	Vor 2024	Skráningar	Skoðað árangur mánaðarlega
Lausnateymi	Fundir til þess að deildarstjórar geta óskað eftir ráðgjöf varðandi einstök börn.	Reglulegir fundir 1-2x í mánuði eða eftir þörfum	Sérkennslu- stjórar og skólastjórar	Haut 2023	Vor 2024	Samtöl, skráningar	Endurmat í desember 2023 og maí 2024



Námskeið og fræðsla	Fleiri námskeið og meiri fræðsla fyrir starfsfólk svo það hafi tól og tæki til þess að bregðast rétt við allskyns aðstæðum.	Áætlað er að starfsfólk haldi áfram að fara á námskeið sem tengjast sérkennslu.	Sérkennslustjórar og skólustjórar	Haust 2023	Vor 2024	Á starfsmannafundum / deildarfundum	Meta breytingar á deildum
Reglulegir fræðslupóstar	Nýtt og spennandi verkefni	Sérkennslustjórar mæla sér mót um hvað verður sent í hverjum pósti	Sérkennslustjórar	Haust 2023	Vor 2024	Hversu margir póstar tókst að senda	Sendir 5-9 póstar á skólaárinu

## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið var nýtt inni á deildum og til að kaupa ný námsgögn.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Í daglegu og skipulögðu starfi er unnið markvisst með orðaforða. Málörvunarstundir eru bæði í litlum hópum en einnig í einstaklingsvinnu. Sem dæmi er verið að vinna með Gefðu 10, Orðaleik o.fl.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Í les- og samverustundum, smiðjuvinnum, með tónlist og öðru er verið að styrkja og dýpka orðaforða barna. Til dæmis er verið að nýta Orðaspjall til þess
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Verið er að nýta TRAS og hæfnirammann í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla til að fylgjast með færni fjöltyngdra barna í íslensku. Það verður gert áfram.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Allir þessir þættir tilheyra almennri málörvun saman ber læsisstefnu leikskólans. Við stefnum á að nýta okkur efni úr áður nefndum listum og vera í samvinnu og samráði við verkefnisstjóra fjölmeningar.



## Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Gefðu 10</b>	Hver starfsmaður á deild gefur sér 10 mín á dag til þess að lesa fyrir, spjalla við eða annað þegar kemur að börnum sem þurfa aukna málörvun.	Deildarstj. og sérkennslustj. minna á. Endurskoða leiðir til skráninga.	Deildarstj. og deildarstarfsfólk	Haust 2023	Vor 2024	Skráningar	Fara yfir skráningar á tveggja mánaða fresti
<b>Verkefnið Velkomin</b>	Kynna hverfið svo að erlendir foreldrar einangrist ekki og þekki til réttinda sinna	Ræða í upphafs- viðtölum	Tengiliðar fjölmennningar/ sérkennslustjórar	Haust 2023	Vor 2024	Í samráði við ráðgjafa Austur- miðstöðvar	Fara yfir starf vetrarins og ræða með stjórnendum og deildarstj. skólans.
<b>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</b>	Nota hæfniramma sem viðmið fyrir fjöltyngd börn	Kynna efni þeirra fyrir deildarstj.	Tengiliðar fjölmennningar/ sérkennslustjórar og deildarstjórar	Haust 2023	Vor 2024	Skráningar	Í samráði við verkefna stjóra fjölmennningar 1x á önn.
<b>Tungumálastefna</b>	Unnið verður að gerð tungumálastefnu fyrir leikskólann	Sameiginleg sýn um hvaða tungumál við notum í leikskólanum	Skólastjórar	Haust 2023	Vor 2024	Í samráði við aðra leikskóla	

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á haustmánuðum voru tekin viðtöl við deildarstjóra en vegna mikillar manneklu í meira og minna allan vetur hefur verið erfitt að ná því að taka viðtöl við annað starfsfólk.

Starfsdagarnir þetta starfsárið voru nýttir til endurmenntunar eins og oft áður eða skipulagsvinnu. Á starfsdegi í haust var námskeið Hugarfrelsis og var því svo fylgt eftir með eftirfylgni með deildarstjórum á stuttum fundum í vetur. Þá voru starfsdagar nýttir í langþráða námsferð til Stokkhólms í apríl. Fræðslan og leikskólaheimsóknirnar voru á vegum Reggio Emilia Institution Stokkhólm en stofnunin er leiðandi í utnaumhaldi og þróun skólastarfs í anda Reggio Emilia í Svíþjóð. Ferðin var mjög vel heppnuð og mátti sjá strax að hún hafði veitt starfsfólki mikinn innblástur inn í



starfið. Þeir starfsmenn sem ekki fóru með í ferðina fóru meðal annars í heimsókn í leikskólann Lyngheima sem einnig starfar í anda Reggio Emilia ásamt því að vinna að skipulagningu á starfinu.

Starfsfólk sem hefur verið að sinna sérkennslu í vetur fór á námskeið í Pecs ásamt því að Pecs fræðsla og hver munurinn á Pecs og sjónrænu skipulagi er, var á deildarfundum. Þá fóru einnig tveir starfsmenn á námskeið í náttúrulegri kennslu ásamt að komið var með fræðslu inn á deildarfundum.

Lítið var um að starfsfólk færi á námskeið þennan veturinn en tveir starfsmenn stunduðu nám með vinnu við Háskóla Íslands í leikskólakennarafræðum, bæði í grunnnámi og á meistarastigi.

## **7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva**

Starfsárið 2022 – 2023 var gott samstarf við grunnskólahluta Dalskóla og frístund. Hringekjan eins og það er kallað þegar elstu börnin í leikskólahlutanum og 1. bekkur grunnskólans hittast og vinna saman í litlum hópum þvert á aldur. Hist var í alls átta stöðvum yfir veturinn og gekk samstarfið í alla staði mjög vel.

Frístundin eða Úlfabyggð bætti við vikulegum heimsóknum á þriðjudögum og fimmtudögum frá apríl og fram í maí. Hver hópur fór í þrjár heimsóknir í klukkustund í senn. Þangað fóru þau í litlum hópum til þess að kynna bæði frístundarstarfsmönnum og því starfi sem þar fer fram.

Nýjung í samstarfi leikskólahluta og grunnskóla var að bæta inn sundkennslu hjá elstu börnunum og tók íþróttakennari grunnskólahlutans á móti elsta árganginum í Dalslaug. Börnunum var skipt upp í hópa og fór hver hópur einu sinni í viku, þrjár vikur í senn. Hver hópur fór því í alls átta skipti í sund yfir veturinn. Mikli ánægja var með þetta bæði hjá börnum, starfsfólki og foreldrum.

Nokkur börn í 8 – 10 bekk voru í leikskólavali í vetur á elstu deildum leikskólans þar sem þau fengu að kynna leikskólastarfi á tveimur elstu deildum leikskólans.

Börn bæði úr Móa og Dal hafa verið dugleg að nýta sér Borgarbókasafnið sem staðsett er í Dalskóla í vetur. Þar hafa þau farið í sögustundir, lesið bækur og fleira.





## 8 Foreldrasamvinna

Smiðjulok hafa verið á sínum stað í vetur og hefur verið vel mætt af foreldrum á þau. Skemmtilegt hefur verið að fá foreldra aftur í hús án þess að hafa þurft að hafa áhyggjur af covid lokunum líkt og undanfarin ár.

Bónða- og mæðradagskaffi var haldið í kringum bóndadaginn í febrúar og mæðradaginn í maí líkt og venjan hefur verið hér í Dalskóla. Yndislegt var að fá alla í kaffi til okkar þar sem feður og mæður gátu notið með börnunum sínum og spjallað við aðra foreldra.

Lítið samstarf var í vetur við foreldrafélagið en erfiðlega hefur gengið að fá foreldra til að sinna félaginu og það verið á herðum of fárra fyrir stóran leikskóla. Fyrir jólin var piparkökumálun í boði foreldrafélagsins, þar komu foreldrar á smiðjulokum og gátu sest með börnum sínum og málað nokkrar piparkökur sem hægt var að taka með sér heim. Eftir síðustu smiðjulokin fyrir páska bauð foreldrafélagið upp á lítið páskaegg, sem börnin gátu tekið með sér heim.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

	SAMBAND ÍSLENSKA SVÉITARFÉLAGA		SAMBAND ÍSLENSKA SVÉITARFÉLAGA		SAMBAND ÍSLENSKA SVÉITARFÉLAGA		SAMBAND ÍSLENSKA SVÉITARFÉLAGA		SAMBAND ÍSLENSKA SVÉITARFÉLAGA		Nafn skólar	Dælskóli
	ÁR	ÞRÍ	FOUR	FIVE	SIX	SEVEN	EIGHT	NINE	TEN	ELEVEN		
1 D	1 F	1 M	1 P	1 M	1 M	1 P	1 P	1 F	1 M	1 M	1 F	1 M
2 M	2 L	2 F	2 L	2 F	2 F	2 F	2 F	2 L	2 M	2 M	2 F	2 M
3 P	3 S	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 L	3 S	3 P	3 P	3 M	3 S
4 T	4 M	4 L	4 M	4 F	4 F	4 S	4 S	4 M	4 T	4 T	4 S	4 T
5 L	5 S	5 F	5 S	5 P	5 P	5 M	5 M	5 S	5 L	5 L	5 M	5 S
6 S	6 M	6 P	6 M	6 L	6 L	6 F	6 F	6 M	6 T	6 T	6 P	6 L
7 M	7 P	7 L	7 P	7 F	7 F	7 M	7 M	7 S	7 L	7 L	7 P	7 M
8 S	8 M	8 P	8 M	8 L	8 L	8 F	8 F	8 M	8 T	8 T	8 P	8 L
9 M	9 P	9 L	9 P	9 F	9 F	9 M	9 M	9 S	9 L	9 L	9 P	9 M
10 F	10 S	10 F	10 S	10 P	10 P	10 M	10 M	10 S	10 L	10 L	10 P	10 S
11 L	11 M	11 P	11 M	11 L	11 L	11 F	11 F	11 M	11 T	11 T	11 P	11 L
12 L	12 D	12 L	12 F	12 F	12 F	12 M	12 M	12 S	12 L	12 L	12 P	12 M
13 S	13 M	13 P	13 M	13 L	13 L	13 F	13 F	13 M	13 T	13 T	13 P	13 L
14 M	14 P	14 L	14 P	14 F	14 F	14 M	14 M	14 S	14 L	14 L	14 P	14 M
15 D	15 S	15 F	15 S	15 P	15 P	15 M	15 M	15 S	15 L	15 L	15 P	15 S
16 M	16 P	16 L	16 P	16 F	16 F	16 M	16 M	16 S	16 L	16 L	16 P	16 M
17 F	17 S	17 F	17 S	17 P	17 P	17 M	17 M	17 S	17 L	17 L	17 P	17 M
18 P	18 M	18 L	18 P	18 F	18 F	18 M	18 M	18 S	18 L	18 L	18 P	18 M
19 L	19 M	19 P	19 M	19 L	19 L	19 F	19 F	19 M	19 T	19 T	19 P	19 L
20 S	20 M	20 P	20 M	20 L	20 L	20 F	20 F	20 M	20 T	20 T	20 P	20 L
21 M	21 P	21 L	21 P	21 F	21 F	21 M	21 M	21 S	21 L	21 L	21 P	21 M
22 L	22 D	22 L	22 F	22 F	22 F	22 M	22 M	22 S	22 L	22 L	22 P	22 M
23 M	23 P	23 L	23 P	23 F	23 F	23 M	23 M	23 S	23 L	23 L	23 P	23 M
24 F	24 S	24 F	24 S	24 P	24 P	24 M	24 M	24 S	24 L	24 L	24 P	24 M
25 P	25 M	25 L	25 P	25 F	25 F	25 M	25 M	25 S	25 L	25 L	25 P	25 M
26 L	26 M	26 P	26 M	26 L	26 L	26 F	26 F	26 M	26 T	26 T	26 P	26 L
27 S	27 M	27 P	27 M	27 L	27 L	27 F	27 F	27 M	27 T	27 T	27 P	27 M
28 M	28 P	28 L	28 P	28 F	28 F	28 M	28 M	28 S	28 L	28 L	28 P	28 M
29 F	29 S	29 F	29 S	29 P	29 P	29 M	29 M	29 S	29 L	29 L	29 P	29 M
30 M	30 L	30 P	30 M	30 L	30 L	30 F	30 F	30 M	30 T	30 T	30 P	30 L
31 F	31 S	31 F	31 S	31 P	31 P	31 M	31 M	31 S	31 L	31 L	31 P	31 M

Leikskólur eru kláruð á þriðjum og fjórum dögum á milli. Leikskólur eru kláruð á þriðjum og fjórum dögum á milli. Leikskólur eru kláruð á þriðjum og fjórum dögum á milli. Leikskólur eru kláruð á þriðjum og fjórum dögum á milli. Leikskólur eru kláruð á þriðjum og fjórum dögum á milli. Leikskólur eru kláruð á þriðjum og fjórum dögum á milli. Leikskólur eru kláruð á þriðjum og fjórum dögum á milli. Leikskólur eru kláruð á þriðjum og fjórum dögum á milli. Leikskólur eru kláruð á þriðjum og fjórum dögum á milli. Leikskólur eru kláruð á þriðjum og fjórum dögum á milli.

## 10 Fylgigögn

### 10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir  
Leikskólastjóri

28.06.23  
Dagsetning



## Starfsáætlun 2023 – 2024

### Umsögn foreldraráðs

#### Foreldraráð leikskólans skipa:

Ingibjörg Sigursteinsdóttir  
Stefanía Hulda Marteinsdóttir



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## Umsögn foreldraráðs:

Í heildina finnst mér þetta flott starfsáætlun. Það er greinilega búið að ígrunda veturinn vel bæði af stjórnendum og hverri deild fyrir sig. Starfsfólkið í Dalskóla leikskólahluta hefur unnið vel með þær aðstæður sem hafa verið í vetur og hugsað í lausnum, með líðan barnanna í forgrunni. Það mætti þó skína meira í gegn í textanum að alltaf sé verið að huga að hag barnanna (sérstaklega vegna þeirra foreldra sem hafa greint frá óánægju sinni vegna manneklu) því þó það eigi að segja sig sjálf að þið séuð að því þá virðist það ekki vera það sem allir foreldrar sjá.



Mér finnst smiðjurnar hljóma lærdómsríkar, áhugaverðar og skemmtilegar og hver og ein deild virðist vera að vinna vel með málörvun, læsi og tilfinningagreind barnanna. Ég velti fyrir mér hvort það vanti kannski örlítið að tengja verkefni sem eru unnin innan veggja leikskólans betur við stefnu skólans?

Ferðin ykkar til Stokkhólms hefur greinilega verið lærdómsrík og má sjá að nokkrar deildirnar gerðu umsvifalaust breytingar eftir þá ferð, í anda stefnu Reggio Emilia. Það sýnir vel hvað er mikilvægt að vera á tánum varðandi það hvert fólk er að stefna og endurmeta starfið reglulega, eins og þið eruð að gera með þessari áætlun.

Mér líst vel á þær úrbætur sem teknar eru fram í áætluninni, þá sérstaklega að passa uppá upplýsingaflæði til foreldra.

Nú varðar mín sérgrein foreldra og þess vegna litar það kannski svolítið þau gleraugu sem ég les starfsáætlunina með. Það sem mér finnst helst vanta í áætlunina er skýr sýn á samstarf á milli heimilis og skóla. Til dæmis, hvernig vill hver deild hafa samstarf við foreldra barnanna sem hjá þeim dvelja?

Með góðri kveðju,

Aldís Garðarsdóttir



